



# MÁLEFNAYFIRLIT

**60. ALLSHERJARÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í NEW YORK**

**HAUSTIÐ 2005**

**Utanríkisráðuneytið,  
september 2005**

# EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1 TILGANGUR YFIRLITSINS.....	3
1.2 ALMENNT UM SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR .....	3
1.2.1 Sagan.....	3
1.2.2 Aðildarríki.....	4
1.2.3 Skipulag.....	4
1.3 NORRÆNT SAMSTARF Á VETTVANGI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA .....	6
1.4 SAMSTARF NORÐURLANDANNA VIÐ EYSTRASALTSRÍKIN.....	6
1.5 SAMSTARF VIÐ RÍKI EVRÓPUSAMBANDSINS (ESB) .....	6
1.6 ÍSLENSK LÖG UM FRAMKVÆMD FYRIRMÆLA ÖRYGGISRÁÐSINS .....	7
1.7 HLOTVERK FASTANEFNDAR ÍSLANDS.....	7
<b>2. SEXTUGASTA ALLSHERJARÞINGIÐ, 2005- 2006</b> .....	<b>9</b>
<b>3. MÁL SEM TEKIN ERU BEINT FYRIR Á FUNDUM ALLSHERJARÞINGSINS</b> .....	<b>11</b>
3.1 MÁLEFNI HAFSINS OG HAFRÉTTARMÁL (DAGSKRÁRLIÐUR 76).....	11
3.2 EYÐNI/ALNÆMI (HIV/AIDS) (DAGSKRÁRLIÐUR 47).....	12
3.3 UMBÆTUR Á STARFSEMI ALLSHERJARÞINGSINS (DAGSKRÁRLIÐUR 117).....	14
3.4 BREYTINGAR Á ÖRYGGISRÁÐINU (DAGSKRÁRLIÐUR 118) .....	15
3.5 NEPAD - NEW PARTNERSHIP FOR AFRICA 'S DEVELOPMENT : FRAMKVÆMD OG STYRKING ALÞJÓÐLEGS ÞRÓUNARSTARFS (DAGSKRÁRLIÐUR 68).....	16
3.6 STAÐAN Í MIÐ AUSTURLÖNDUM OG PALESTÍNUMÁLIÐ (DAGSKRÁRLIÐUR 14,15,32,41,150) .....	17
3.7 VIÐSKIPTABANN BANDARÍKJAMANNA Á KÚBU (DAGSKRÁRLIÐUR 20) .....	18
3.8 AFGANISTAN (DAGSKRÁRLIÐUR 17) .....	18
3.9 EFTIRFYLGNI BARNAÞINGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (DAGSKRÁRLIÐUR 46) .....	19
<b>4. MÁLEFNI 1. NEFNDAR</b> .....	<b>20</b>
4.1 ALMENNT UM TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR OG AFVOPNUN.....	20
4.2 KJARNAVOPN (ÝMSIR DAGSKRÁRLIÐIR).....	20
4.3 LÍFEFNA- OG EFNAVOPN (DAGSKRÁRLIÐIR 98J OG 105).....	21
4.4 ÓLÖGLEG VIÐSKIPTI MEÐ HANDVOPN (DAGSKRÁRLIÐIR 98K OG 98T).....	22
<b>5. MÁLEFNI 2. NEFNDAR</b> .....	<b>23</b>
5.1 ÞRÓUNARMÁL (DAGSKRÁRLIÐIR, 52A, 54B, 58A OG 58B) .....	23
5.2 UMHVERFISMÁL (ÝMSIR DAGSKRÁRLIÐIR).....	25
<b>6. MÁLEFNI 3. NEFNDAR</b> .....	<b>28</b>
6.1 ALMENNT UM MANNRÉTTINDI.....	28
6.1.1 <i>Ofbeldi gegn konum (dagskrárlíðir 66 og 67)</i> .....	29
6.1.2 <i>Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi</i> .....	29
6.1.3 <i>Alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gegn konum, CEDAW (dagskrárlíður 66)</i> .....	30
6.1.4 <i>Réttindi barnsins (dagskrárlíðir 46 og 69)</i> .....	30
6.1.5 <i>Trúfrelsi (dagskrárlíður 73b)</i> .....	30
6.1.6 <i>Kynþáttamisrétti (dagskrárlíður 71)</i> .....	31
6.1.7 <i>Pyntingar og önnur ómannúðleg eða vanvirðandi refsing eða meðferð (dagskrárlíður 73a)</i> .....	31
6.1.8 <i>Vernd mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum (dagskrárlíður 73b)</i> .....	31
6.1.9 <i>Mannréttindi í einstökum ríkjum/svæðum (dagskrárlíður 73c)</i> .....	32
<b>7. MÁLEFNI 4. NEFNDAR</b> .....	<b>33</b>
7.1 FRIDARGÆSLUSVEITIR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (DAGSKRÁRLIÐUR 34).....	33
7.2 KÝPURDEILAN (DAGSKRÁRLIÐUR 21).....	33
7.3 VESTUR SAHARA (DAGSKRÁRLIÐUR 153) .....	34
7.4 FLÓTTAMENN FRÁ PALESTÍNU – UNRWA (DAGSKRÁRLIÐUR 32).....	35
7.5 UPPLÝSINGAMIÐLUN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (DAGSKRÁRLIÐUR 35) .....	35

<b>8.</b>	<b>MÁLEFNI 5. NEFNDAR.....</b>	<b>36</b>
8.1	FJÁRHAGSLEG STAÐA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (DAGSKRÁRLIÐIR 123 OG 127).....	36
8.2	FJÁRHAGSÁÆTLUN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA TÍÐERID 2006-2007 (DAGSKRÁRLIÐUR 125).....	36
8.3	FRAMLÖG AÐILDARRÍKJA – ÁLAGNINGARKVARÐI (DAGSKRÁRLIÐUR 129) .....	37
8.4	FRAMLÖG TIL FRIDARGÆSLU (DAGSKRÁRLIÐUR 126).....	37
<b>9.</b>	<b>MÁLEFNI 6. NEFNDAR.....</b>	<b>39</b>
9.1	ALÞJÓÐLEGI SAKAMÁLADÓMSTÓLLINN (DAGSKRÁRLIÐUR 82) .....	39
9.2	HRYÐJUVERK (DAGSKRÁRLIÐUR 109).....	39
<b>10.</b>	<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>41</b>

## INNGANGUR

### 1.1 Tilgangur yfirlitsins

Yfirliti þessu er ætlað að lýsa helstu málefnum sem eru á dagskrá 60. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og afstöðu Íslands til þessara málefna. Í fyrsta kafla verður farið almennt yfir stöðu samtakanna, starfsemi fastanefndarinnar, norræna samstarfið og samstarfið við Evrópusambandsríkin.

Skýrsla fastanefndar um 59. allsherjarþingið á árunum 2004 og 2005 og yfirlit um starfsemi öryggisráðsins var gefin út í ágúst á þessu ári og fæst hjá utanríkisráðuneytinu og fastanefndinni. Hana má einnig nálgast á heimasíðum ráðuneytisins og fastanefndar: <http://www.iceland.org/un/nyc/>. Í skýrslunni er einnig að finna ræðu utanríkisráðherra ásamt öðrum ræðum sem fluttar voru á 59. allsherjarþinginu, öryggisráðinu og öðrum fundum Sameinuðu þjóðanna í New York.

### 1.2 Almennt um Sameinuðu þjóðirnar

#### 1.2.1 Sagan

Undirbúningsráðstefnu um stofnun Sameinuðu þjóðanna í San Francisco í Bandaríkjunum lauk hinn 26. júní 1945 með undirskrift sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sáttmálinn öðlaðist gildi hinn 24. október sama ár og hefur sá dagur allar götur síðan verið dagur Sameinuðu þjóðanna. Á fyrsta allsherjarþinginu, sem hófst 10. janúar 1946 í Lundúnum, voru teknar ýmsar grundvallarákvarðanir um skipulagsmál, þar á meðal um að höfuðstöðvarnar skyldu vera í Bandaríkjunum. Ákveðið var að leggja niður Þjóðabandalagið og tóku Sameinuðu þjóðirnar við eignum þess í Genf. Fundir allsherjarþingsins voru í fyrsta sinn haldnir í aðalstöðvunum á Manhattaneyju haustið 1952. Áður en Íslendingar fengu aðild að samtökunum, 19. nóvember 1946, gerðist Ísland aðili að fimm alþjóðastofnunum, sem síðar urðu sérstofnanir samtakanna. Þessar stofnanir eru: Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO), Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn (IMF), Alþjóðabankinn (IBRD), Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) og Alþjóðavinnuumálastofnunin (ILO). Áður hafði Ísland orðið aðili að Alþjóðapóstmálasambandinu (UPU) og árið 1943 gerðist Ísland stofnaðili að Hjálpar- og endurreisnarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNRRA) en sú stofnun var lögð niður 1947.

Íslandi gafst kostur á að gerast stofnaðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1945 en ekki varð af því. Ástæðan var sú að sem vopnlaus þjóð hafnaði Ísland því að segja Þýskalandi og Japan stríð á hendur en það var eitt af skilyrðum fyrir stofnaðild. Allsherjarþingið samþykkti umsókn Íslands um aðild 9. nóvember og fulltrúi Íslands undirritaði yfirlýsingu um að Ísland gengi að sáttmála Sameinuðu þjóðanna hinn 19. nóvember 1946. Sama dag gengu Svíþjóð og Afganistan í Sameinuðu þjóðirnar og voru þau ásamt Íslandi fyrst á eftir stofnaðildarríkjunum til að fá aðild að samtökunum. Fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum var skipaður árið 1947 og var það Thor Thors sem gegndi embættinu. Hannes Kjartansson tók við því starfi árið 1965, Haraldur Kröyer 1972, Ingvi S. Ingvarsson 1973, Tómas Á. Tómasson 1977, Hörður Helgason 1982, Hans G. Andersen 1986, Benedikt Gröndal 1989, Tómas Á. Tómasson (aftur) 1993, Gunnar Pálsson 1994, Þorsteinn Ingólfsson 1998 og Hjálmar W. Hannesson frá árinu 2003.

Í 1. viðauka er yfirlit yfir nokkrar bækur um Sameinuðu þjóðirnar fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér málefni samtakanna frekar.

### 1.2.2 Aðildarríki

Aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hefur fjölgað mikið og eru þau nú 191. Til marks um breytingarnar sem samfara eru fjölguninni er að í um tvo áratugi var Ísland fámennasta ríki Sameinuðu þjóðanna. Nú eru yfir 20 ríki innan samtakanna fámennari.

Ísland fylgir þeirri stefnu að öll ríki sem eru fullvalda að þjóðarétti eigi rétt á þátttöku í Sameinuðu þjóðunum.

### 1.2.3 Skipulag

Starfsemi Sameinuðu þjóðanna fer fram víðsvegar um veröldina en höfuðstöðvarnar eru í New York. Starfsemin fer fram á vegum sex stofnana: allsherjarþingsins, öryggisráðsins, efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC), gæsluverndarráðsins, alþjóðadómstólsins og skrifstofu samtakanna. Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eru sjálfstæðar alþjóðastofnanir, sem hafa ákveðna samninga við samtökin. Tengiliðurinn er efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna.

Fulltrúar allra aðildarríkja eiga sæti í **allsherjarþinginu** og geta rætt fyrir opnum tjöldum hvaða málefni sem er nema öryggisráðið sé að fjalla um það á sama tíma. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru nú 191 og hefur hvert ríki yfir að ráða einu atkvæði. Mikilvæg málefni þurfa samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða. Allsherjarþingið kemur saman til fastafundar í september ár hvert og stendur fundurinn venjulega fram undir jól. Hægt er að boða til aukafunda eftir vissum reglum. Þingið kys sér forseta á hverju ári, það samþykkir ný aðildarríki að fenginni tillögu öryggisráðsins og ákveður hversu mikið hverju ríki ber að greiða af rekstrarkostnaði Sameinuðu þjóðanna og hvernig fénu skuli varið. Það kys einnig framkvæmdastjóra til fimm ára að fenginni tillögu öryggisráðsins og velur fulltrúa í aðrar stofnanir.

Störf allsherjarþingsins fara að mestu fram í sex undirnefndum þess og eiga öll aðildarríki fulltrúa í þeim. Í **fyrstu nefnd** er fjallað um afvopnunar- og öryggismál. **Önnur nefnd** fjallar um efnahags-, þróunar- og umhverfismál. **Þriðja nefnd** fjallar um félags- og mannréttindamál. **Fjórdða nefnd** fjallar um sérstök pólitísk mál, ósjálfstæð lönd og nýlendur. **Fimmta nefnd** fjallar um fjárhags- og stjórnsýslumál og **sjötta nefndin** um þjóðréttarmál. Á meðan allsherjarþingið er að störfum halda ýmsir ríkjahópar samráðsfundi eftir því sem þörf gerist. Ísland tekur aðallega þátt í fundum Norðurlandahópsins, Vesturlandahópsins (WEOG) og samráði JUSCANZ-hópsins. Í honum eru einkum WEOG-ríki, sem standa utan ESB, auk nokkurra annarra. Þau eru Andorra, Ástralía, Bandaríkin, Ísland, Japan, Kanada, Noregur, Nýja-Sjáland, Mexíkó, Rússland, San Marínó, Suður- Kórea, Sviss og Tyrkland.

Árangur starfsins í ofangreindum nefndum allsherjarþingsins birtist fyrst og fremst í ályktunum (e. Resolutions), en í þeim felst að jafnaði sameiginleg ákvörðun ríkja heims um samræmt viðhorf til alþjóðlegra viðfangsefna. Að baki þeim liggja umræður og samningaferli þar sem leitast er við að samræma ólík viðhorf og ná sameiginlegri niðurstöðu. Ályktanirnar eru svo hornsteinn nýs ferlis, sem getur leitt til skuldbindandi alþjóðasamninga og með þeim hætti orðið að þjóðarrétti. Ályktanir eru oft ítrekaðar á allsherjarþinginu ár eftir ár, ýmist lítið eða ekkert breyttar.

**Öryggisráðið** ber aðalábyrgð á varðveislu heimsfriðar og öryggis. Völd sem ráðið hefur, þ.á.m. til að grípa til hernaðaraðgerða, eru skilgreind í sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að fallast á ákvarðanir öryggisráðsins og framkvæma þær. Fimm ríki hafa fast sæti: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland. Allsherjarþingið kýs hina fulltrúana tíu til tveggja ára í senn. Öryggisráðið má kalla saman hvenær sem er. Auk framkvæmdastjórans getur hvaða land sem er, hvort sem það er aðili að Sameinuðu þjóðunum eða ekki, vísað til öryggisráðsins deilumáli eða málum, sem teljast ógnun við heimsfriðinn. Aðildarríki skiptast á um að skipa forsæti ráðsins einn mánuð í senn og annar háttur er hafður á atkvæðagreiðslu í öryggisráðinu en á allsherjarþinginu. Ályktanir þarfnast stuðnings nú fulltrúa í öryggisráðinu en auk þess hafa ríkin fimm, sem fast sæti eiga í öryggisráðinu, neitunarvald.

**Efnahags- og félagsmálaráðið (ECOSOC)** hefur mjög umfangsmikið verk svið og fæst við efnahagsmál, viðskipti, iðnvæðingu og efnahagsþróun, félagsmál, mannfjöldamál, barnaverndarmál, húsnæðismál, kvenréttindi, kynþáttamismunun, eiturlyfjamál, glæpavarnir, félagslega velferð, æskulýðsmál, umhverfismál og matvælamál. Einnig samþykkir ráðið tillögur um hvernig bæta megi menntun og heilsugæslu, svo og mannréttindi og frelsi hvar sem er í heiminum. Fimmtíu og fjögur aðildarríki eiga aðild að efnahags- og félagsmálaráðinu og eru þau kjörin af allsherjarþinginu til þriggja ára í senn. Ráðið heldur venjulega einn fund á ári og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Fjöldi nefnda tekur þátt í störfum þess og að auki styðst ráðið við sérstofnanir og áætlanir samtakanna. Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eru sautján og er hver um sig sjálfstæð, með eigin fjárhag og aðalstöðvar. Þær kanna vandamál, undirbúa tillögur og aðstoða þróunarlönd á sérsviðum sínum. Allsherjarþingið hefur einnig komið á fót ýmsum öðrum sérhæfðum stofnunum, sem vinna í nánnum tengslum við efnahags- og félagsmálaráðið og í flestum tilvikum gefa þær skýrslu til allsherjarþingsins og ráðsins.

Ísland situr nú í efnahags- og félagsmálaráðinu tímabilið 2005–2007. Síðast átti Ísland sæti í ráðinu árin 1997–1999. Ísland hefur lagt áherslu á umhverfismál og bent á að brýnt er að bæta aðgang fólks að raforku, annars verður Þúsaldarmarkmiðunum ekki náð. Ísland hefur einnig bent á að við umhverfisstjórnun grunnvatns verði að taka mið af umhverfismálum hafsins og ítrekað mikilvægi þess að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna framkvæmi áætlun um umhverfisvernd hafsins vegna mengunar frá landi. Ennfremur hefur Ísland lagt áherslu á að konur, hvarvetna, eigi rétt á menntun sem og að mikilvægt er að grípa til brýnna aðgerða til verndar konum á áttaksvæum.

Þar sem síðasta gæsluverndarsvæðið, Palá, hlaut sjálfstjórn í október 1994 er **gæsluverndarráðið** verkefnalaust. Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir þau sjónarmið að leggja beri gæsluverndarráðið niður og ef allt gengur að óskum verður það gert á leiðtogafundi S.þ. sem haldinn verður í New York dagana 14. til 16. september 2005, en þar er ætlunin að gera allsherjar umbætur á starfsemi og starfsháttum samtakanna.

Aðsetur **Alþjóðadómstólsins** er í Haag í Hollandi og starfar hann árið um kring. Dómarar eru fimmtán og eru þeir kosnir af allsherjarþinginu og öryggisráðinu. Níu dómarar verða að vera sammála til að unnt sé að kveða upp úrskurð. Samþykktir Alþjóðadómstólsins eru hluti af sáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru því öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sjálfkrafa aðilar að dómstólnum. Í 2. málsgrein 36. greinar samþykktar dómstólsins er rætt um skyldulögsögu. Nokkrir tugir ríkja hafa gengist undir hana án fyrirvara, en önnur hafa haft ýmsa fyrirvara og mörg, þar á meðal Ísland, hafa ekki gengist undir lögsöguna.

**Framkvæmdastjórinn** er æðsti embættismaður Sameinuðu þjóðanna og er skipaður af allsherjarþinginu samkvæmt tillögu öryggisráðsins til fimm ára í senn. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi samtakanna. Hann getur lagt fyrir öryggisráðið hverskyns vandamál, sem hann telur að ógna kunni heimsfriðnum, og lagt fram tillögur um málefni, sem tekin skulu upp á allsherjarþinginu eða í öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Starfslið skrifstofunnar vinnur að framkvæmd ákvarðana Sameinuðu þjóðanna. Kjörtímabil Kofi Annan rennur út haustið 2006 og er búist við að nýr framkvæmdastjóri verði frá Asíu.

### 1.3 Norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Norrænt samráð um málefni Sameinuðu þjóðanna er umfangsmikið. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar landanna halda reglulega fundi þar sem málefni Sameinuðu þjóðanna eru næðal annars til umræðu. Þar að auki fjalla löndin um málefni Sameinuðu þjóðanna á vettvangi Norðurlandaráðs, í beinum samskiptum milli ráðuneyta og einnig milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Ennfremur eru starfandi þingmannasamtök Norðurlanda þar sem málefni Sameinuðu þjóðanna eru rædd. Reglubundið norrænt samráð fer fram milli fastanefnda hjá höfuðstöðvunum í New York, skrifstofum Sameinuðu þjóðanna í Genf. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París og hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Róm, þ.e. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðalandbúnaðarþróunarsjóðinum (IFAD). Auk þess eru haldnir reglulegir fundir þeirra embættismanna í utanríkisráðuneytum, sem fara með málefni Sameinuðu þjóðanna.

Samstarf Norðurlandanna hjá Sameinuðu þjóðunum hefur tekið nokkrum breytingum, einkanlega hvað varðar sameiginlegan málflutning sem dregist hefur saman. Ástæðan fyrir því er sú að aukin áhersla Evrópusambandsins á sameiginlega utanríkisstefnu hefur leitt til þess að ríki Evrópusambandsins, þ.á.m. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, reyna til hins ítrasta að móta sameiginlega afstöðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir að hinn ytri rammi norræna samstarfsins hafi tekið breytingum heldur norrænt samráð eftir sem áður áfram og hefur verið brugðist við þessum breytingum með ýmsum hætti. Norrænu utanríkisráðherrarnir samþykktu til dæmis tillögur um að viðhalda og styrkja norræna samvinnu á alþjóðavettvangi þegar aðstæður leyfðu, norrænt samráð og framlag á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, svo og að viðhalda sameiginlegum framboðum.

### 1.4 Samstarf Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin

Fundir norrænu sendiherranna hjá Sameinuðu þjóðunum og starfsbræðra þeirra frá Eystrasaltsríkjunum eiga sér yfirleitt stað einu sinni í mánuði og samráð fulltrúa ríkjanna átta fer vaxandi í New York. Einnig fjalla utanríkisráðherrar landanna um málefni Sameinuðu þjóðanna á svokölluðum NB8 fundum. Er það í samræmi við aukið samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna undanfarin ár, til dæmis á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

### 1.5 Samstarf við ríki Evrópusambandsins (ESB)

Íslandi stendur til boða að standa að sameiginlegum málflutningi ESB samkvæmt EES-samþykkt frá 30. maí 1995. Samstarfið er yfirleitt í því formi að Íslandi, Liechtenstein og Noregi er boðið að gerast meðflytjendur að textum, sem ESB-ríkin hafa

þegar mótað. ESB-ríkin hafa ekki verið reiðubúin að gefa ríkjum utan sambandsins tækifæri til að taka þátt í að móta og undirbúa málflutning.

## 1.6 Íslensk lög um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðsins

Alþingi hefur sett lög, nr. 5/1969, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem öryggisráðið tekur samkvæmt 39. og 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og varða viðskiptabann á einstök ríki. Að þjóðarétti er Ísland skyldugt til að fylgja eftir ályktunum öryggisráðsins. Framkvæmd ályktana á Íslandi er á forræði utanríkisráðherra.

## 1.7 Hlutverk fastanefndar Íslands

Ríkisstjórn og utanríkisráðherra hverju sinni móta íslenska utanríkisstefnu og er það hlutverk fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að framkvæma hana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samkvæmt fyrirmælum utanríkisráðuneytisins. Áherslur í starfi fastanefndar fara eftir þeim markmiðum, þeirri stefnu og þeim hagsmunamálum sem stjórnvöld hafa og vinna að á hverjum tíma gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Fastanefndin, eftir því sem við á, tekur þátt í umræðum í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum samtakanna í New York, með það að markmiði að hafa árhif á stefnu, verkefni og stjórnun samtakanna í samræmi við stefnu Íslands í málefnum Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk fastanefndar er að vera tengiliður í samskiptum, upplýsa ráðuneytið um framvindu mála með reglulegum hætti og veita utanríkisráðuneytinu ráðgjöf um atkvæðagreiðslur á allsherjarþinginu. Fastanefndin starfar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins meðal annars á grundvelli upplýsinga sem sendar eru ráðuneytinu um eðli máls og afstöðu annarra ríkja og greiðir atkvæði í nafni Íslands.

Flestar samþykktir allsherjarþingsins eru í formi ályktana. Undir hverjum dagskrárlið geta komið fram fleiri en ein ályktunartillaga. Einnig geta komið fram breytingartillögur sem valda því að oft skýrist ekki hvernig endanlegur texti ályktunartillögu verður fyrr en rétt áður en atkvæði eru greidd. Ennfremur eru stundum greidd atkvæði um einstaka liði ályktunartillögu. Kemur þá til kasta fastanefndar að meta hvort efnisbreytingar gefi ástæðu til þess að atkvæði verði greitt með öðrum hætti en ákveðið hafði verið í samráði við utanríkisráðuneytið með hliðsjón af fyrri drögum ályktunartillögunnar. Margar ályktunartillögur eru afgreiddar án atkvæðagreiðslu og er að jafnaði stefnt að sem víðtækastri samstöðu. Nokkuð er um hjásetu, sem túlka má á mismunandi vegu. Þegar tvær tillögur liggja fyrir um sama dagskrárlið og viðkomandi land er meðflytjandi að þeirri tillögunni sem það telur betri kostinn, er t.a.m. algengt að setið sé hjá við afgreiðslu hinnar tillögunnar, án þess að viðkomandi land sé mótfallið efni hennar. Einnig hefur tíðkast í viðkvæmum málum að lönd sitji hjá við afgreiðslu ályktana og gefi síðan atkvæðaskýringu þar sem fram kemur hvers vegna ályktuninni var ekki greitt atkvæði. Einkum hefur slíkt tíðkast þegar þróunarlönd eða minnihlutahópar, sem telja sig órétti beitta, eiga í hlut. Ennfremur getur verið erfitt að taka afstöðu í sumum deilumálum þjóða þar sem báðir aðilar virðast bera ábyrgð á vandanum og því setið hjá.

Ályktanir allsherjarþingsins eru ekki bindandi og hafa mörg lönd tekið upp þá stefnu að reyna að forðast samþykkt ályktana sem vitað er að ekki mun nást samkomulag



um og ekki verður framfylgt enda getur samþykkt slíkra ályktana rýrt virðingu fyrir störfum allsherjarþingsins.

## 2. SEXTUGASTA ALLSHERJARÞINGIÐ, 2005 - 2006

### Leiðtogafundur.

Til að fylgja eftir Þúsaldarmarkmiðunum boðaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, með ályktun nr. 58/291, til fundar í byrjun 60. allsherjarþingsins haustið 2005 með þátttöku ríkisoddvita. Fundurinn verður haldinn dagana 14. til 16. september 2005. Forsætisráðherra Íslands, Halldór Ásgrímsson, sækir leiðtogafundinn og flytur ræðu fyrir hönd Íslands.

Tilgangurinn með leiðtoga fundinum er að fara yfir og leggja mat á efndir þeirra skuldbindinga sem felast í Þúsaldarmarkmiðunum. Undirbúningur fyrir fundinn setti sterkan svip á störf Sameinuðu þjóðanna á fyrri hluta ársins 2005.

Undirbúningsvinnan byggir einkum á tveimur skýrslum. Annars vegar skýrslu J. Sachs próf. um þróunarmál og eftirfylgni Þúsaldarmarkmiðanna og hins vegar skýrslu starfshóps valinkunnra einstaklinga til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um aðsteðjandi vá og tillögur um endurskipulagningu á starfsemi Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að gera stofnunina hæfari til að bregðast við aðsteðjandi hættum.

Skýrslurnar eru báðar viðamiklar. Skýrsla Sachs tekur heildstætt á þróunarmálum og telur hún mörg þúsund síður. Í skýrslunni um aðsteðjandi vá eru hundrað og ein tillaga um breytingar, sem varða allar læstu stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Meðal annars eru tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir til að stuðla að friði, tillögur um breytingar á reglum um beitingu hervalds og breytingar á starfsemi allsherjarþingsins, öryggisráðsins, efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC), mannréttindaráðsins og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Einnig er lagt til að sett verði á laggirnar ný nefnd sem hafi það markmið að tryggja frið (peacebuilding).

Hinn 21. mars 2005 lagði Kofi Annan, framkvæmdastjóri, fram skýrslu sína á grundvelli beggja skýrslanna og viðbragða ríkja S.þ. við þeim. Skýrsla hans nefnist „In Larger Freedom - Towards Security, Development and Human Rights for All“.

Forseti allsherjarþingsins lagði fram snemma vors 2005 fyrstu tillögur um niðurstöðu leiðtogafundarins í september. Hann tileinkaði sér flest úr skýrslu Kofi Annan, en tók þó tillit til margra athugasemda frá aðildarríkjum S.þ.

Kjarni málsins er sá að þróun, öryggi og mannréttindi eru ekki aðeins nauðsynleg öllum mönnum, heldur styrkja þessi markmið hvert annað. Fátækt og skortur á mannréttindum ýtir undir borgarastyrjaldir, hryðjuverk og glæpastarfsemi. Stríð og myrkraverk eiga sinn þátt í fátækt og hungri. Hryðjuverkaárás á fjármálamiðstöð í ríku landi getur komið af stað alþjóðlegri efnahagskreppu og þannig steipt milljónum manna hinum megin á hnettinum í fátækt. Af þessu leiðir að þróunar verður ekki notið án öryggis, öryggis verður ekki notið án þróunar og hvorugs notið án virðingar fyrir mannréttindum.

Í grein sem Davíð Oddsson, utanríkisráðherra, skrifaði ásamt starfbræðrum sínum í Eystrasaltsríkjunum og Norðurlöndunum sl. desember, í tilefni að birtingu skýrslu starfshóps valinkunnra einstaklinga um breytingar á Sameinuðu þjóðunum, segir meðal annars:

„Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar árið 1945 á rústum heimsskipulags sem hafði brugðist gersamlega með skelfilegum afleiðingu. Þá, eins og nú, var öryggi efst á forgangslistanum. Þá, eins og nú fólst lausnin í að finna sameinlega nálgun að

sameiginlegum vanda. Enginn annar kostur blasir við sem tekur fram betur skipulögðum og sterkari Sameinuðu þjóðum...ef við ætlum að takast á við þau viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir.”

Ennfremur segir:

„Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna árið 2005 og skýrsla ráðghafahópsins gefa okkur bæði tæki og tækifæri til þess að grípa til afgerandi aðgerða. Sem ráðherrar utanríkismála erum við staðráðin í að láta til okkar taka með virkum og afgerandi hætti til þess að þetta tækifæri verði nýtt til góðs. Við hvetjum starfsbræður okkar og –systur í öðrum aðildarríkjum til þess að gera slíkt hið sama. Það er sameiginleg skylda okkar.”

### Áherslur Íslands

Iðnríkin, þar á meðal Ísland, eru sammála um að ekki verði komið á öryggi og friði í heiminum, nema tekið verði á ákafri fátækt, dregið verði úr afleiðingum sjúkdóma og umhverfið verndað. Þau deila þó um aðferðir og áherslur.

Ísland styður í grundvallaratriðum tillögur Kofi Annan, þar á meðal um aðgerðir í þróunarmálum, stofnun friðarnefndar, um nýtt mannréttindaráð, um skyldur til að vernda borgarana, um skilyrði fyrir því að beita hervaldi, um skilgreiningu á hryðjuverkum, um skilvirkara allsherjarþing og stærra og skilvirkara öryggisráð. Það er afstaða Íslands í grófum dráttum að það sé mikilvægur þáttur í því að tryggja frið og öryggi að styrkja stöðir stofnana Sameinuðu þjóðanna og endurbæta starfsaðferðir þeirra.

### Almennar umræður.

Almenn umræða allsherjarþingsins hefst laugardaginn 17. september og ráðgert er að Davíð Oddsson utanríkisráðherra Íslands, flytji ræðu sína 20. september. Þegar er búið að kjósa forseta allsherjarþingsins, Jan Eliasson, fráfarandi sendiherra Svíþjóðar í Washington. Einnig er búið að kjósa formenn, varaformenn og starfsmenn nefnda 60. allsherjarþingsins (dagskrárliðir 4, 5 og 6). Kosning til þessara embætta fór fram 13. júní 2005.

### 3. MÁL SEM TEKIN ERU BEINT FYRIR Á FUNDUM ALLSHERJARÞINGSINS

Nokkur mál koma ekki fyrir þær sex aðalnefndir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem nefndar voru hér að framan en eru beint til umræðu í allsherjarþinginu. Í þessum kafla er lítillega fjallað um sum þeirra:

#### 3.1 Málefni hafsins og hafréttarmál (dagskrárliður 76)

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna er fyrsti og eini heildstæði alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar. Þrátt fyrir að samningurinn í heild sé ekki bindandi fyrir önnur ríki en aðildarríki hans njóta flest ákvæði hans stöðu þjóðréttarvenju og eru þannig bindandi fyrir öll ríki heims. Alls eiga nú 149 ríki aðild að samningnum sem gerður var árið 1982 og öðlaðist hann gildi árið 1994. Á grundvelli hafréttarsamningsins hafa ýmsir aðrir samningar litið dagsins ljós, þar á meðal úthafsveiðisamningurinn sem var gerður árið 1995 og öðlaðist hann gildi fjórum árum síðar. Aðildarríkjafundir hafréttarsamningsins og úthafsveiðisamningsins eru haldnir árlega.

Ár hvert eru málefni hafsins og hafréttarmál til umræðu í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og er þar meðal annars rætt um framkvæmd hafréttarsamningsins og þróun mála á þessu sviði. Er þetta vettvangur þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa tækifæri til að kynna stefnu sína og sjónarmið. Á hverju ári álykta Sameinuðu þjóðirnar um málefni hafsins og hafréttarmál og tekur Ísland virkan þátt í samningaviðræðum um gerð ályktananna. Annars vegar er um að ræða almenna ályktun um hafréttarmál og hins vegar ályktun um sjálfbærar fiskveiðar með sérstakri tilvísun til úthafsveiðisamningsins. Ályktanir 59. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna má finna á slóðinni:

[http://www.un.org/Depts/los/general\\_assembly/general\\_assembly\\_resolutions.htm#2005](http://www.un.org/Depts/los/general_assembly/general_assembly_resolutions.htm#2005) (ályktanir A/RES/59/24 og A/RES/59/25).

Árið 1999 var komið á laggirnar óformlegu samráðs ferli Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS). Markmiðið með ferlinu er að undirbúa og efla umræður á allsherjarþinginu um málefni hafsins og hafréttarmál sem og leggja fram tillögur um hvar bæta þurfi samvinnu og samráð á þessu sviði. Málefni hins óformlega ferlis hafa verið margvísleg enda er þar hægt að fjalla um öll málefni hafsins, svo sem auðlindir þess, hafrýmið og siglingar. Frá stofnun ferilsins hefur meðal annars verið fjallað um mengun sjávar frá landi, sjálfbæra stjórnun fiskveiða, hafrannsóknir, sjórán, vernd umhverfis hafsins, nýjar leiðir til sjálfbærrar nýtingar hafsins, aðstoð við þróunarríki á sviðum er varða vernd og sjálfbæra nýtingu hafsins og vernd viðkvæmra vistkerfa.

#### Áherslur Íslands

Ísland fullgilti hafréttarsamninginn árið 1985, fyrst vestrænna ríkja, og úthafsveiðisamninginn árið 1997. Þessir tveir samningar eru hagsmunum Íslands afar mikilvægir og er lögð áhersla á það af hálfu Íslands að standa vörð um þá og að ákvæðum þeirra sé framfylgt. Jafnframt hefur verið lögð á það áhersla að umfjöllun um málefni hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sé haldið innan ramma ákvæða hafréttarsamningsins.

Stefna Íslands í málefnum hafsins miðar að því að viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins við Ísland til framtíðar þannig að hafið geti áfram verið sú auðlind sem stendur undir lífsafkomu og hagsæld þjóðarinnar. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni er byggist á rannsóknum og hagnýtingu þekkingar þar sem borin er virðing fyrir öllu vistkerfi hafsins. Stefnan grundvallast á þremur stoðum sem eru: í fyrsta lagi hafréttarsamningurinn, í öðru lagi sjónarmið sjálfbærrar þróunar og í þriðja lagi það sjónarmið að stjórnun og ákvarðanataka við verndun vistkerfa hafsins og nýtingu lifandi auðlinda hvíli á þeim ríkjum sem mestra hagsmuna eiga að gæta og ákvarðanirnar snerti með beinum hætti.

Virkt þátttaka Íslands og frumkvæði á alþjóðavettvangi er grundvöllur þess að vinna stefnu og sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar fylgi og þar með sjónarmiðum Íslands viðurkenningu. Þar ber Íslandi að vera í fararbroddi ríkja er hafa bættu umgengni um vistkerfi hafsins í fyrirrími.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna leggur Ísland áherslu á mál sem eru hnattræns eðlis, m.a. mengun hafsins sem virðir engin landamæri og verður að mæta með hnattrænum aðgerðum. Afstaða Íslands er að fiskveiðistjórnun sé hins vegar dæmi um mál sem falli annaðhvort undir fullveldisrétt einstakra ríkja eða fjalla beri um á svæðisbundnum vettvangi.

Fiskimálanefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) gegnir þó mikilvægu hlutverki og er einn helsti vettvangur Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði stefnumótunar og samvinnu um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Málflutningur Íslands á alþjóðavettvangi hefur ávallt byggst á þeim rétti og skyldum sem kveðið er á um í hafréttarsamningnum og meginreglum sjálfbærrar þróunar sem samþykktar voru á Ríó-ráðstefnunni árið 1992. Hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á að stjórn auðlindanýtingar beri að vera í höndum þeirra ríkja sem standi þeim næst og hafi beinan hag af ábyrgri nýtingu auðlindarinnar. Skýr réttur til að nýta auðlindir er hvatning til sjálfbærrar nýtingar og verndunar á heilbrigði hafsins og auðlindum þess. Á síðustu árum hefur aukinnar tilhneigingar gætt til að fella verndun á ýmsum sviðum, meðal annars á auðlindum hafsins, undir hnattræna stjórnun. Íslensk stjórnvöld hafa oft þurft að standa gegn slíkum tilburðum, til dæmis á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og í starfi á grundvelli alþjóðasamninga sem fjalla um málefni er tengjast hafinu ef þar hafa verið bornar fram tillögur um að samningar láti sig varða víðtækara svið en rammi þeirra gerir ráð fyrir. Er þess skemmst að minnst að Ísland beitti sér gegn því í samningaviðræðum um fiskveiðiályktun 59. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að tillaga um hnattrænt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu næði fram að ganga.

Ísland hefur einnig verið virkur þátttakandi í svæðisbundnu samstarfi, enda eru mörg viðfangsefni sem tengjast verndun og nýtingu á auðlindum hafsins þess eðlis að þau verða einungis leyst í samstarfi við önnur ríki. Viðfangsefni er lúta að hafinu geta ennfremur verið þess eðlis að þau krefjist úrlausnar alþjóðasamfélagsins á hnattrænan hátt, svo sem þegar hefta skal eða draga úr mengun í hafinu sem á sér rætur í fjarlægum heimshlutum eða vegna umsvifa á úthafinu.

Samræmda stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um málefni hafsins er að finna á heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins: <http://sjavarutvegsraduneyti.is/utgefid-efni/nr/803>

### **3.2 Eyðni/Alnæmi (HIV/AIDS) (dagskrarliður 47)**

Sameiginleg áætlun Sameinuðu þjóðanna um alnæmisvandann (UNAIDS) hefur það hlutverk að fjalla um hnattrænar aðgerðir til að berjast við alnæmisvandann. Innan

UNAIDS vinna tíu stofnanir Sameinuðu þjóðanna: Barnahjálpin (UNICEF), Matvælaáætlunin (WFP), Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Mannfjöldasjóðurinn (UNFPA), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), skrifstofa Sameinuðu þjóðanna er fjallar um eiturlyf og glæpi (UNODC), Alþjóðlega vinnumálastofnunin (ILO), Menningarmálastofnunin (UNESCO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Alþjóðabankinn.

UNAIDS var sett á laggirnar árið 1994. Áætluninni er stýrt af samræmingarstjórn sem í sitja 22 fulltrúar aðildarríkja, fulltrúar stofnananna tíu og fulltrúar fimm félagasamtaka. UNAIDS leiðir starf sem beinist að því að koma í veg fyrir smit, útvega lækniþjónustu og draga úr áhrifum vandans á einstaklinga og samfélög.

Hjá UNAIDS var árið 2004 helgað alþjóðlegri herferð gegn alnæmisvandnum, sem náði hámarki á alþjóðlegum baráttudegi gegn alnæmi 1. desember 2004. Þessa herferðarinnar er *konur, stúlkur, eyðni og alnæmi*.

Aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna var haldið í 26. sinn 25.-27. júní 2001 til að fjalla sérstaklega um alnæmisvandann. Var þá samþykkt yfirlýsing um baráttuna gegn vandnum. Hinn 22. september 2003 var haldinn ráðherrafundur til að fylgja eftir niðurstöðu aukaallsherjarþingsins og fjalla um framkvæmd yfirlýsingarinnar. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktar auk þess árlega um aðgerðir til að fylgja eftir niðurstöðum aukaallsherjarþingsins.

Hinn 2. júní 2005 fór fram í allsherjarþinginu ráðherrafundur um HIV smit og alnæmi (HIV/AIDS) til að leggja mat á framkvæmd skuldbindinga samkvæmt yfirlýsingu um HIV/AIDS sem samþykkt var á 26. aukaallsherjarþingi S.þ. árið 2001. Á fundinum fóru fram fimm hringborðsumræður um forvarnir; meðferð, umönnun og stuðning við sjúklinga; HIV/AIDS og mannréttindi, með áherslu á réttindi kynjanna; munaðarlaus börn af völdum HIV/AIDS; og úrræði og tók Ísland þátt í umræðunum. Kom fram á ráðherrafundinum að alnæmisfaraldurinn væri ein megin ástæðan fyrir því að efast væri um að Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna næðust fyrir árið 2015.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur stofnað til svokallaðrar „3 by 5“ áætlunar sem felur í sér það markmið að við loks ársins 2015 njóti 3 milljónir alnæmissjúklinga í þróunarríkjunum lækni meðferðar. Þessi áætlun er liður í lokatakmarkinu um að allir alnæmissjúklingar í veröldinni njóti lækni meðferðar. Áætlunin hefur ekki gengið eins hratt og vonast var til í upphafi en við miðbik ársins 2005 hafði 1 milljón alnæmissjúkra í þróunarríkjum aðgang að lækni meðferð en þegar átakið hófst árið 2003 höfðu 400.000 alnæmissjúkra aðgang að lækni meðferð.

Á heimsvíu er HIV og alnæmi gífurleg ógn við frið, öryggi og þróun enda er sjúkdómurinn nefndur í nýjustu skýrslu Sameinuðu þjóðanna um þróun mannkyns sem aðalorsök verulegra afturfara í yfir fjórtíu ríkjum undanfarinn áratug. Á undanförunum tuttugu árum hafa meira en 60 milljónir manna sýkst af HIV um heim allan. Talið er að 40 milljónir karla, kvenna og barna lifi með HIV-smit eða alnæmi við lok ársins 2004 og meira en 20 milljónir hafi látist vegna sjúkdómsins. Á árinu 2004 sýktust 5 milljónir manna í heiminum og rúmlega 3 milljónir létust af völdum alnæmis.

Rúmlega 70% af HIV-smituðum fullorðnum einstaklingum og börnum í heiminum í dag búa í Afríku. Hæsta smitunartíðnin er aftur á móti í Suðaustur-Asíu og fyrrum Sovétríkjunum. Alnæmi er ekki eingöngu stórskadlegt heilbrigðisvandamál heldur hefur sjúkdómurinn jafnframt valdið stórfelldri samfélagslegri röskun og efnahagslegri afturför.

### Áherslur Íslands

Á Íslandi er vandamálið smátt í sniðum borið saman við önnur lönd. Við lok ársins 2004 höfðu 176 einstaklingar greinst með HIV á Ísland frá því faraldsins varð fyrst vart fyrir rúmum tveimur áratugum. Alls hafa 56 greinst með alnæmi og 26 látist af völdum þess. Frá árinu 1993 jókst árlegur fjöldi smitaðra en frá árinu 1996 hefur dregið úr fjölda þeirra sem greinast með alnæmi og látast af völdum sjúkdómsins.

Árið 2001 lögðu íslensk stjórnvöld fram 15 milljónir íslenskra króna til Alheimssjóðs gegn alnæmi, berklum og malaríu en sjóðurinn var stofnaður að tilstuðlan Kofi Annan og starfar sjálfstætt en ekki undir hatti Sameinuðu þjóðanna. Árið 2004 lögðu svo íslensk stjórnvöld að auki til 15 milljónir íslenskra króna til áður nefndrar „3 by 5“ áætlunar alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) en Ísland hefur stutt starfsemi stofnunarinnar í baráttunni gegn alnæmi.

Ísland tók sæti í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í maí 2003 til þriggja ára og lýkur kjörtímabilinu í maí 2006. Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er fulltrúi Íslands en hann var að auki kosinn formaður framkvæmdastjórnarinnar frá maí 2004 til maí 2005 en hver formaður stjórnarinnar situr í eitt ár. Ísland hefur tvisvar áður átt sæti í stjórninni, síðast 1983 - 1986, en þetta var í fyrsta skiptið sem Ísland tekur formannssæti í stjórninni.

Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, en í framkvæmdastjórninni sitja fulltrúar 32 aðildarríkja. Með aðild að framkvæmdastjórninni hefur Ísland fengið tækifæri til þess að hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanir um starfsemi og stefnu stofnunarinnar.

Ísland hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á eflingu forvarna og meðferðar gegn alnæmi og að meðferð eigi að vera aðgengileg öllum sem á þurfa að halda. Mikilvægi góðrar heilbrigðis- og heilsugæsluþjónustu skiptir hér megin máli svo og eftirfylgni með rétttri lyfjanotkun því annars er mikil hættu á að ónæmir veirustofnar myndist. Þess má geta að íslensk stjórnvöld hafa með starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands unnið að uppbyggingu heilsugæslu í Malaví og í samstarfi við Rauða krossinn unnið verkefni á sviði heilsugæslu í Mósambík en aðstoð við uppbyggingu heilsugæslu og fræðslu er nauðsynleg forsenda fyrir árangri í baráttunni gegn HIV og alnæmi. Að auki hefur ríkisstjórn Íslands styrkt átak ríkja Eystrasaltsráðsins um sóttvarnir á Eystrasaltssvæðinu með bæði fjármunum og læknisfræðilegri þekkingu.

### **3.3 Umbætur á starfsemi allsherjarþingsins (dagskrárliður 117)**

Mikil umræða hefur farið fram undanfarin ár innan Sameinuðu þjóðanna um þörfina á umbótum á starfi samtakanna. Þar hefur nokkuð áunnist, ekki síst fyrir eindreginn vilja framkvæmdastjórans Kofi Annans og mikils meirihluta aðildarríkjanna. Undanfarið hefur farið fram óformleg vinna við styrkingu allsherjarþingsins undir forystu Jean Ping, forseta allsherjarþingsins. Í drögum forseta allsherjarþingsins að lokaskjali leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna var gert ráð fyrir að leiðtogafundurinn fagni nýsamþykkuðum tillögum um styrkingu allsherjarþingsins. Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir:

Fundum allsherjarþingsins um afmörkuð mál sem efst eru á baugi, þ.á.m um öryggismál, samt með fullri virðingu fyrir því að öryggisráðið beri aðalábyrgð á því að viðhalda friði og öryggi.

Að forseti allsherjarþingsins verði kjörinn fyrr en áður og ekki seinna en sex mánuðum fyrir setningu allsherjarþingsins það haust og að áhrif forseta allsherjarþingsins verði aukin. Að dagskrár og vinnuáðferðir allsherjarþingsins verði teknar til gagngerðrar endurskoðunar, m.a. með því að fela 21 manna vinnunefnd („Intergovernmental working

group”) að fara vandlega ofan í saumana á þeim atriðum sem betur mættu fara. Vinnuhópurinn skili af sér tillögum á 60. allsherjarþingi; að allsherjarþingið falist eftir frekari tillögum frá framkvæmdastjóranum um meiri skilvirkni í störfum allsherjarþingsins og nefnda þess og til að koma í veg fyrir tvíverknad og skörun á milli allsherjarþingsins (og aðalnefnda þess) annars vegar og Efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC) hinsvegar; að farið verði eftir reglum um ræðutímalengd; að atkvæðaskýringar megi ekki vara lengur en 5 mínútur; að ýtt verði undir gagnvirk skoðanaskipti („interactive debates”) og að dregið verði úr endurflutningi á tillögum sem fluttar hafa verið áður.

#### **Áherslur Íslands:**

Ísland hefur stutt umbótastarfið og telur mikilvægt að það beri árangur en nauðsynlegt er að rekstri samtakanna verði komið í nútímalegt horf. Forðast beri endurtekningar og tvíverknad.

Í umræðunni hefur Ísland tekið undir mikilvægi þess að verklag allsherjarþingsins verði gert skilvirkara með einföldun og breytingum á dagskrá og verið fylgjandi því að mál verði tekin til umræðu annað eða jafnvel þriðja hvert ár.

### **3.4 Breytingar á öryggisráðinu (dagskrarliður 118)**

Í ársbyrjun 1994 hóf störf sérstakur vinnuhópur um umbætur á öryggisráðinu. Hann hefur fjallað annars vegar um stærð og samsetningu öryggisráðsins og hins vegar um starfshætti ráðsins. Samkomulag hefur verið um meginþætti í endurskipulagningu starfshátta, til dæmis hefur opnum fundum í öryggisráðinu fjölgað og öll aðildarríki eiga þess því oftast kost að taka þátt í störfum ráðsins. Á hinn bóginn hefur verið tekist mikið á um grundvallaratriði varðandi stærð ráðsins og framtíðarstöðu neitunarvaldsins.

Fyrir tveimur árum skipaði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sextán manna hóp valinkunnra aðila til þess meðal annars að gera tillögur um skilvirkara starf öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna við að tryggja öryggi og koma í veg fyrir stríð. Meðal sextánmenninganna er Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, og fyrrverandi framkvæmdastjóri heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO). Hópurinn skilaði skýrslu til framkvæmdastjóra. Lagðar voru fram tvær hugmyndir um fjölgun ríkja í ráðinu, annarsvegar var gert ráð fyrir því að fjölga hvort tveggja föstum og kjörnum ríkjum (tillaga A) og hinsvegar var gert ráð fyrir því að bæta við nýjum hópi ríkja sem yrðu kjörin til fjögurra ára (tillaga B). Í þeirri tillögu var einnig gert ráð fyrir fjölgun kjörinna ríkja til tveggja ára.

Umræðan um málið var lífleg eftir þetta og létu Kofi Annan og forseti allsherjarþingsins aðildarríkin um að leysa málið. Hvorugur þeirra lagði fram tillögu um lausn. Framan af leit út fyrir að hópur fjögurra ríkja, Brasilía, Indland, Japan og Þýskaland (G4) næðu samþykki fyrir tillögu sem byggði á tillögu A, en þau misstu af tækifærinu á lokasprettinum fyrir leiðtogafundinn, fyrst og fremst vegna ósamkomulags við Afríkuríki. Það er því ekki reiknað með niðurstöðu í málinu á næstu mánuðum.

#### **Áherslur Íslands:**

Norðurlöndin mótuðu sameiginlega stefnu varðandi breytingar á öryggisráðinu. Hún gerði meðal annars ráð fyrir að fjölgað yrði föstum og kjörnum sætum í öryggisráðinu til að ráðið endurspegli fjölgun aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og breyttar aðstæður í heiminum. Aftur á móti var lögð áhersla á að ekki megi veikja getu



ráðsins til ákvarðanatöku og framkvæmda. Ennfremur að skilyrða skuli neitunarvald fastaríkjanna fimm.

Þetta hefur verið kjarninn í stefnu Íslands og hafa fulltrúar Íslands lýst yfir stuðningi við föst sæti fyrir Þýskaland, Japan, Indland og Brasilíu, auk tveggja fastra sæta til viðbótar fyrir ríki í Afríku. Ísland var meðflytjandi að ályktun ríkjanna fjögurra.

### **3.5 NEPAD - New Partnership for Africa's Development: Framkvæmd og styrking alþjóðlegs þróunarstarfs (dagskrárliður 68)**

NEPAD - var stofnað að frumkvæði Einingarráðs Afríkurríkja (OAU) eftir leiðtogafund þess árið 2001 í Nígeríu. Árið 2002 varð OAU að Afríkusambandinu (AU) og er NEPAD nú félags- og efnahagsmálaáætlun Afríkusambandsins (AU). AU hefur einnig stofnað sameiginlegt Afríkubing (Pan-African Parliament) og Friðar- og öryggisráð AU var stofnað 25. maí 2004. Miklar vonir eru bundnar við þetta frumkvæði AU, sérstaklega í ljósi þess að það eru Afríkurríkin sjálf sem að stofnun þess standa.

Markmið NEPAD er að stuðla að því að Afríkurríki axli sjálf meiri ábyrgð á þróunarmálum í álfunni. Í því felst meðal annars aukin eignaraðild og stjórn ríkjanna sjálfra á þróunarmálum í Afríku. Til þess að þetta verði að veruleika er nauðsynlegt að leysa deilumál í álfunni ásamt því að auka lýðræði, mannréttindi og efnahagslegan stöðuleika. Eitt helsta aðalsmerki NEPAD samstarfsins er gagnkvæmt eftirlit aðildarríkjanna með stjórnarfari og efnahagsuppyggingu hvers annars (e. peer-review mechanism) og eru bundnar miklar vonir við að slíkt gagnkvæmt eftirlit hvetji til umbóta í álfunni. Þá leggja NEPAD ríkin mikla áherslu á mikilvægi virks stuðnings iðnríkja sem forsendu framþróunar í Afríku, þ.m.t. með aukinni þróunaraðstoð, niðurfellingu skulda, bættu markaðsaðgengi og aukinni fjárfestingu. Með NEPAD – áætluninni er reynt að snúa við þeirri þróun að vandamál Afríkurríkja „gleymist“ eins og stundum hefur verið haft á orði

#### **Áherslur Íslands**

Ísland styður NEPAD átakið heils hugar og telur að um sé að ræða mikilvægan áfanga til að takast á við erfið viðfangsefni álfunnar. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum nokkurra Afríkurríkja sem haldinn var í Stokkhólmi snemma árs 2002, lýstu norrænu utanríkisráðherrarnir yfir stuðningi við stofnun – og þau sjónarmið – sem NEPAD byggir áherslur sínar á.

NEPAD hefur meðal annars lagt áherslur á sjávarútvegsmál í starfi sínu, og hefur Ísland, í gegnum samstarf við Alþjóðabankann (Pro-Fish) komið að þeim málefnum á vettvangi NEPAD.

Ísland er virkur þátttakandi í Afríkuframtaki Norðurlandanna (Nordic-Africa Initiative), en markmið þess er að styrkja samskipti og samráð milli Norðurlandanna og Afríkurríkja á sviði alþjóðaviðskipta og þróunar. Norðurlöndin héldu ráðherrafund með tuttugu Afríkurríkjum í Tansaníu í janúar 2005. Sótti fjármálaráðherra þann fund og stjórnaði þar pallborðsumræðum. Meðal viðfangsefna fundarins voru viðskiptaumhverfi Afríkurríkja og hvernig frjáls viðskipti geti aukið hagvöxt, hlutverk frjálsra viðskipta í alþjóðlegri baráttu gegn fátækt og viðskiptatengd þróunaraðstoð. Til viðbótar við Norðurlöndin og Afríkurríkin tók fjöldi alþjóða- og svæðisbundinna stofnanna þátt í fundinum, og ber þar helst að nefna Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn,

Alþjóðaviðskiptastofnunina og Afríkusambandið. Sýnt hefur verið fram á að aukin alþjóðaviðskipti eru nauðsynleg forsenda þess að markmið alþjóðasamfélagsins í baráttunni gegn fátækt, hin svokölluðu Þúsaldarmarkmið, nái fram að ganga fyrir árið 2015. Er því ljóst að Afríkuframtak Norðurlandanna er þarft og tímabært innlegg í þá baráttu.

### **3.6 Staðan í Mið austurlöndum og Palestínumálið (dagskrárliðir 14,15,32,41,150)**

Sameinuðu þjóðirnar hafa haft afskipti af deilum fyrir botni Miðjarðarhafs frá árinu 1947. Það ár ályktaði allsherjarþingið um að stefna bæri að stofnun tveggja ríkja, ríkis Gyðinga og ríkis Araba á Palestínusvæðinu. Átakasagan síðan er öllum kunn; stórstríð árin 1948, 1967, 1973, innrás Ísrael í Líbanon 1982, tíðar róstur Palestínumanna á hernumdu svæðunum og ótilheyrilegar hryðjuverkaárásir á ísraelska borgara. Að sama skapi eiga friðarumleitarnir fyrir botni Miðjarðarhafs sér langa sögu og ber þar helst að nefna friðarsamninga Ísraela og Egypta 1979, gagnkvæma viðurkenningu Ísrael og PLO 1993, friðarsamninga Ísrael og Jórdaníu 1994, samningaviðræðurnar í Camp David í Bandaríkjunum 2000 og Taba í Egyptalandi 2001, ásamt svokölluðu Oslóarsamkomulagi og nú síðast með svonefndum Vegvísi.

Fimmtugasta og níunda allsherjarþingið samþykkti sjö ályktanir, sem snerta málefni Palestínumanna og friðarferlið í Mið austurlöndum. Ísland greiddi atkvæði með ályktunum um stöðu Jerúsalemborgar, sérstaka upplýsingaályktun um Palestínu og friðsamlega lausn Palestínumálsins, en sat hjá við atkvæðagreiðslu um ályktanir um Gólanhæðir, nefnd um óumdeilanleg réttindi Palestínumanna og sérstaka deild fyrir réttindi Palestínumanna á aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Flestar þessar ályktanir verða á dagskrá 60. allsherjarþingsins og teknar fyrir annað hvort beint á fundum allsherjarþingsins eða í undirnefndum þess. Starfandi er sérstök nefnd um réttindi Palestínumanna á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem stofnuð var árið 1975. Frá árinu 1968 hefur einnig starfað sérstök nefnd sem rannsakar áhrif aðgerða Ísraelsmanna á mannréttindi Palestínumanna og annarra Araba á hernumdu svæðunum.

Á tímum þýðu í samskiptum stjórnvalda í Palestínu og Ísrael og samkomulags deilandi aðila um að bera klæði á vopnin ásamt brotthvarfi ísraelska hersins og landnema frá Gaza-svæðinu ríkir nú meiri bjartsýni en áður á meðal ríkja heims um frið og öryggi fyrir botni Miðjarðarhafs. Því er mikilvægt að þær ályktunartillögur er liggja fyrir þinginu verði aflvaki hófsemi og málamiðlana í stað öfga og þvermóðsku.

### **Áherslur Íslands**

Afstaða Íslands er að vopnahléslínan frá 1949 (Græna línan) liggi til grundvallar áætlunum sem leiða til þess að tvö ríki, Ísrael og Palestína, búi hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem og víðar fordæmt ofbeldisverk beggja aðila og krafist þess að deiluaðilar hefji friðarviðræður á grundvelli fyrri samningaviðræðna og Vegvísins svonefnda. Mikilvægt er að Palestínumenn tryggi ábyrgja stjórn í eigin landi og komi í veg fyrir hryðjuverkaárásir á Ísrael. Jafnframt verða stjórnvöld í Ísrael að standa við skuldbindingar í áður nefndum Vegvísi varðandi landnemabyggðir á Vesturbakkanum. Það hefur verið afstaða íslenskra stjórnvalda að styðja tillögur þar sem fyllsta jafnræðis hefur verið gætt í útlistun á skyldum og ábyrgð deilandi aðila.

### 3.7 Viðskiptabann Bandaríkjamanna á Kúbu (dagskrárliður 20)

Allsherjarþingið hefur með árlegum ályktunum hin síðari ár hvatt Bandaríkin til að aflétta áratugalöngu viðskiptabanni á Kúbu. Sambærileg tillaga, sem flutt verður að vanda að frumkvæði Kúbu, verður lögð fyrir 60. allsherjarþingið.

#### Áherslur Íslands

Ísland hefur greitt atkvæði með tillögunni og telur, eins og yfirgnæfandi meirihluti ríkja Sameinuðu þjóðanna, að viðskiptabannið þjóni takmörkuðum tilgangi og bitni á saklausum borgurum Kúbu. Jafnframt er það afstaða Íslands að viðskiptaþvingunum eigi að beita á grundvelli ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Óháð þessu fordæmir Ísland mannréttindabrot stjórnvalda Kúbu og hefur lýst því yfir við atkvæðagreiðslur.

### 3.8 Afganistan (dagskrárliður 17)

Um margra ára skeið hefur ástandið í Afganistan verið til umræðu í allsherjarþinginu og er ályktun um ástandið jafnan samþykkt samhljóða. Í Afganistan hefur ríkisstjórninni í Kabúl tekist að treysta stöðu sína og stefnir að lýðræðislegum þingkosningum 18. september 2005. Fyrirhugaðar kosningar bera vitni um þá miklu umbrotartíma síðustu fjögurra ára er Afganar hafa gengið í gegnum, frá miðaldarstjórnskipulagi Talibana til stofnunar fyrsta þings lýðræðiskjörinna fulltrúa í Afganistan.

Ástand öryggismála er víða ótryggt utan Kabúl. Meirihluti uppreisnarmanna kemur úr röðum Talibana, en víst er að þeir njóti hjálpar sjálfboðaliða frá Pakistan sem og þeirra al-Qaeda liða sem enn eru í Afganistan. Bágt öryggisástand í Afganistan á einnig rætur sínar að rekja til afganskra stríðsherra, sem hafa þráskallast við að leysa upp vopnaðar sveitir sínar og láta af stórfelldum umsvifum með ólögleg fíkniefni, en í Afganistan er um 80 af hundraði allrar ópíumframleiðslu heimsins..

Efnahagslíf landsins (fyrir utan ópíumframleiðslu) tekur mjög hægt við sér vegna ótryggs ástands, en mikið uppbyggingarstarf er hafið eftir linnulaus átök allt frá því seint á sjö unda áratug síðustu aldar.

#### Áherslur Íslands

Miklu skiptir að ríki heims veiti með samhentum átaki þann pólitíska, efnahagslega og hernaðarlega stuðning sem þörf krefur til að skapa það umhverfi í Afganistan að hægt verði að koma hjólum efnahagslífsins í gang og tryggja stöðugleika.

Ísland er virkur þátttakandi í skipulagi og framkvæmd endurreisnarstarfs í Afganistan. Eins og kunnugt er, hefur þáttaka Íslensku friðagæslunnar í alþjóðlegu öryggissveitunum í Afganistan verið umfangsmesta og áhættusamasta verkefni sinnar tegundar sem Íslendingar hafa tekist á hendur. Öryggissveitirnar, sem lúta yfirstjórn NATO, eru í landinu í umboði Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktunum öryggisráðsins.

Bág staða stúlkna og kvenna í Afganistan á tímum Talibana var íslenskum yfirvöldum tilefni til ítrekaðrar harðrar gagnrýni. Þótt ástandið hafi batnað, til dæmis hvað varðar skólagöngu stúlkna, er enn víða pottur brotinn og hefur Ísland styrkt starf UNIFEM í að bæta þar um betur.

### **3.9 Eftirfylgni barnaþings Sameinuðu þjóðanna (dagskrárliður 46)**

Aukaallsherjafing Sameinuðu þjóðanna um málefni barna (barnaþingið) var haldið í maí 2002 og í lok þess voru niðurstöður þingsins settar í lokaskjal fundarins undir heitinu „A world fit for Children”. Allsherjarþingið ályktar árlega um málefni barna undir heitinu „Rights of the Child”. Frá því að barnaþingið var haldið hafa ályktanir allsherjafingsins um málefni barna haldist nokkuð óbreyttar efnislega og ekki er búist við breytingu þar á þetta sinnið. Ályktun síðasta allsherjafings nr. 59/261 um málefni barna var skipt í eftirfarandi kafla:

#### **Áherslur Íslands**

Ísland tók virkan þátt í undirbúningi aukaallsherjafingsins um réttindi barna og þingið sjálft var vel sótt að heiman. Íslensk stjórnvöld leggja höfuðáherslu á framkvæmd allþjóðasamningsins um réttindi barnsins og hvetja þau ríki sem ekki hafa enn gerst aðilar til að gera það hið fyrsta. Barnasamningurinn er sá samningur Sameinuðu þjóðanna sem flest ríki hafa fullgilt, en eingöngu Bandaríkin og Sómalía standa utan samningsins. Við stefnumörkun er nauðsynlegt að hafa hagsmuni barnsins og réttindi þess ávallt að leiðarljósi. Mikilvægt er að leggja sérstaka áherslu á réttindi stúlkubarnsins í ljósi slakrar réttarstöðu stúlkna víða um heim.

## 4. MÁLEFNI 1. NEFNDAR

### 4.1 Almennt um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun

Starf Sameinuðu þjóðanna að takmörkun vígbúnaðar og afvopnun skiptist í aðalatriðum á milli allsherjarþingsins í New York og afvopnunarráðstefnunnar í Genf. Fyrsta nefnd allsherjarþingsins fjallar um öll afvopnunarmál á dagskrá þingsins en auk þess fer fram samráð um afmarkaða þætti afvopnunarmála í afvopunarnefnd Sameinuðu þjóðanna (*United Nations Disarmament Commission*), sem heyrir einnig undir allsherjarþingið. Öll aðildarríki eiga þess kost að taka þátt í störfum nefndanna tveggja í New York. Ísland er hins vegar ekki aðili að afvopnunarráðstefnunni í Genf en aðildarríki hennar eru 66 að tölu. Öll Norðurlandana nema Ísland og Danmörk, ásamt þremur Evrópusambandsríkjum til viðbótar, eru aðilar að afvopnunarráðstefnunni, þ.e. Lúxemborg, Portúgal og Grikkland. Ísland styður markmið ráðstefnunnar heilshugar en sem vopnlaust ríki hefur aðild Íslands að ráðstefnunni ekki verið talið forgangsatríði.

Starf afvopnunarráðstefnunnar í Genf hefur um árabil einkennst af þrátefli. Frá því að samkomulag náðist um efnavopnasamninginn árið 1993 og samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn árið 1996, hefur ekki tekist að ná samkomulagi um dagskrá ráðstefnunnar og gerð nýrra afvopnunar samninga. Dagskráin er háð samhljóða samkomulagi aðildarríkjanna.

Starfið innan afvopunarnefndar Sameinuðu þjóðanna hefur jafnframt reynt erfitt undanfarin ár. Fundi sem áætlaður var 2002 var frestað til 2003 og náðist ekki samkomulag um tillögur til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna líkt og venjan er að aflokinni þriggja ára umfjöllun um einstök afvopnunarmálefni. Þrátt fyrir það ákvað allsherjarþingið að nefndin kæmi saman árið 2004. Að lokinni þriggja vikna fundalotu varð ljóst að ekki næðist samkomulag um þau málefni sem nefndin skyldi fjalla um á næstu þremur árum. Ósamkomulagið var einkum milli óháðu ríkjanna (NAM) og Bandaríkjanna um dagskrá næstu þriggja ára.

### Áherslur Íslands

Í 1. nefnd allsherjarþingsins hefur Ísland harmað stöðu mála innan afvopnunarráðstefnunnar og hvatt til þess að efnisleg umræða hefjist hið fyrsta. Í almennri umræðu 1. nefndar hefur Ísland stutt áherslur um endurskoðun starfshátta nefndarinnar og nefnt sem dæmi möguleika á að fækka ályktunum sem koma árlega til umfjöllunar, en þær breytast flestar lítið frá ári til árs.

### 4.2 Kjarnavopn (ýmsir dagskrárliðir)

Sem fyrr mun umræða um afvopnun og takmörkun kjarnavopna skipa stóran sess í starfi 1. nefndar allsherjarþingsins. Umræður í nefndinni hafa enn fremur endurspeglad áhyggjur af útbreiðslu geryðingarvopna, einkum að hryðjuverkamenn eða ríki þeim vinveitt komist yfir slík vopn með áður óþekktum og ógnvænlegum afleiðingum.

Í maí 2005 fór fram endurskoðunarráðstefna samningsins um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna (*Non-Proliferation Treaty, NPT*). Ráðstefnunni lauk án þess að samkomulag lægi fyrir um lokayfirlýsingu fundarins. Í almennri umræðu ráðstefnunnar kom fram í máli margra að aðildarríki samningsins stæðu frammi fyrir fjölmörgum

erfiðum viðfangsefnum og það væri verkefni ráðstefnunnar að samþykkja leiðir til að takast á við þau vandamál sem við blöstu. Það tókst auðsýnilega ekki og er niðurstaða þessarar ráðstefnu ekki til þess fallin að styrkja samninginn.

Samningurinn um bann við kjarnasprengingum í tilraunaskyni (*Comprehensive Test Ban Treaty, CTBT*) sem kveður á um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn hefur mikið gildi í þeirri viðleitni að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og að hefta frekari þróun þeirra. Endurskoðunarráðstefna CTBT verður haldin í New York, 21-23. september 2005.

Gereyðingarvopn í höndum skálkastjórna og annarra óábyrga ríkja er mesta öryggisógn sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir ásamt hættunni á að hryðjuverkamenn eignist slík vopn. Viðleitni við að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna beið hnekki þegar Indland og Pakistan gerðu tilraunasprengingar og misvísandi yfirlýsingar stjórnvalda í Norður-Kóreu reyna enn frekar á þolrifin. Íran er aðili að samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna og því skuldbundið til að nýta kjarnorku einungis í friðsamlegum tilgangi undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Undanbrögð íranskra stjórnvalda í þessu efni eru staðreynd. Búast má við að málefni Norður-Kóreu og Írans verði áfram ofarlega á baugi 1. nefndar. Eins og sakir standa ríkja vonir um að sex-ríkja viðræður Norður-Kóreu við nágretta sína og Bandaríkin skili árangri. Hins vegar í ljósi fyrri reynslu og hegðunar stjórnvalda í Norður-Kóreu er óvíst að samkomulag náist eða haldist. Á vettvangi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar virðist samstaða um að halda írönskum stjórnvöldum að skuldbindingum sínum en þetta er prófraun fyrir stofnunina og samninginn.

### Áherslur Íslands

Í 1. nefnd hefur Ísland lýst því yfir að ekki verði komið í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna nema öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gerist aðilar að samningnum um útbreiðslu kjarnavopna og virði að fullu ákvæði hans um að koma sér ekki upp kjarnavopnum. Hin yfirlýsta stefna kjarnorkuveldanna, að útrýma kjarnavopnum að fullu, er mikilvæg fyrir þróun samningsins og áframhaldandi afvopnun kjarnavopna.

Ísland hefur lýst áhyggjum vegna ákvörðunar Norður-Kóreumanna um að segja sig frá NPT-samningnum og hefja að nýju kjarnorkuáætlun sína. Jafnframt hafa stjórnvöld í Íran verið hvött til að standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnunni.

### **4.3 Lífefna- og efnavopn (dagskrárliðir 98j og 105)**

Efnavopnasamningurinn (*Chemical Weapons Convention, CWC*), sem gekk í gildi 29. apríl 1997, kveður á um algert bann við framleiðslu og notkun efnavopna. Þau aðildarríki efnavopnasamningsins sem búa yfir efnavopnum skulu hafa lokið eyðingu þeirra tíu árum eftir gildistöku samningsins, eða fyrir lok apríl 2007, en þó með mögulegum fresti til ársins 2012. Samningurinn mælir einnig fyrir um eyðileggingu tækja og tæknibúnaðar til framleiðslu efnavopna. Efnavopnasamningurinn bannar ennfremur öðrum ríkjum að afla sér þessara vopna. Framkvæmd samningsins hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir við gildistöku hans. Þetta er áhyggjuefni, einkum vegna þess að ýmis efnavopn eru bæði auðveld og ódýr í framleiðslu og gætu enn komist í hendur hryðjuverkamanna. Í samningnum eru mikilvæg eftirlitsákvæði en eftirlit með

framkvæmd hans er í höndum Efnavopnastofnunarinnar sem tók formlega til starfa 1997 og hefur aðsetur í Haag.

Ísland gerðist aðili að efnavopnasamningnum daginn fyrir gildistöku hans, eða 28. apríl 1997. Aðildarríki samningsins eru nú 161 og hafa 21 ríki til viðbótar undirritað hann en ekki fullgilt. Fyrsta endurskoðunarráðstefna samningsins var haldin í Haag 28. apríl - 9. maí 2003.

Lífefnavopnasamningurinn (*Biological Weapons Convention, BWC*) bannar framleiðslu og notkun lífrænna vopna og gekk hann í gildi árið 1975. Nú eiga 146 ríki aðild að samningnum. Sautján ríki til viðbótar hafa undirritað hann en ekki fullgilt. Ísland gerðist aðili að lífefnavopnasamningnum 15. febrúar 1973.

Í lokaskjali fimmtu endurskoðunarráðstefnu lífefnavopnasamningsins sem haldin var í Genf í nóvember 2002 var ákveðið að halda fundi aðildarríkjanna árlega næstu þrjú árin. Síðan er áætlað að halda sjöttu endurskoðunarráðstefnu samningsins eigi síðar en árið 2006. Í samræmi við framangreint var á árinu 2003 haldinn í Genf fundur aðildarríkja lífefnavopnasamningsins. Áhersluþættir fundarins voru annars vegar þær ráðstafanir sem aðildarríki þurfa að gera varðandi bönn sem samningurinn fer fram á, þar á meðal breytingar á refsilöggjöf. Hins vegar var fjallað um hvernig aðildarríki skulu standa að öryggisráðstöfunum og umsjón með sjúkdómsvaldandi örverum og eitrefnum.

### Áherslur Íslands

Ísland leggur áherslu á að efnavopnasamningurinn gegni lykilhlutverki við eftirlit með því að ríki sem búa yfir efnavopnum eyði þeim öllum. Ísland hefur skorað á þessi ríki að gera slíkt á grundvelli skuldbindinga sem af samningnum leiða.

Ísland hefur vakið athygli á því að lífefnavopn eru auðveldari meðferðar en t.d. kjarnavopn. Í ljósi þess þarf að gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir að hryðjuverkahópar komist yfir slík vopn.

## **4.4 Ólögleg viðskipti með handvopn (dagskrárliðir 98k og 98t)**

Árið 2001 var haldin í New York alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna um ólögleg viðskipti með handvopn. Framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á ráðstefnunni auðveldar bæði alþjóðlega og svæðisbundna samvinnu gegn ólöglegri verslun með handvopn og gæti síðar leitt til bindandi alþjóðlegra samninga á þessu sviði. Samkvæmt ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar á að kalla saman endurskoðunarráðstefnu eigi síðar en árið 2006 til þess að meta árangur þeirra aðgerða sem samkomulag náðist um árið 2001.

Á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna starfrækt starfshóp sem lagt hefur fram drög að samningi sem auðvelda á ríkjum að stemma stigum við ólögleg viðskipti með handvopn. Samningurinn verður þó ekki skuldbindandi.

### Áherslur Íslands

Ísland hefur eindregið lýst stuðningi við aðgerðir gegn ólöglegum viðskiptum með handvopn og verið meðflutningsaðili að ályktunartillögum um málið í 1. nefnd allsherjarþingsins.

## 5. MÁLEFNI 2. NEFNDAR

### 5.1 Þróunarmál (dagskrárliðir, 52a, 54b, 58a og 58b)

Þróunarmál eru eitt helsta áherslumál Sameinuðu þjóðanna og í 2. nefnd allsherjarþingsins er fjallað um þróunarmál frá ýmsum sjónarhornum.

Ályktun um *konur og þróun* hvetur ríki til að afnema mismunum gagnvart konum hvað varðar aðgang að lánsfjármagni, lögfræðiaðstoð, mörkuðum og tæknilegri aðstoð. Einnig er hvatt til þess að möguleikar kvenna til að eignast jarðir og aðrar fasteignir verði hinir sömu og karla.

Í ályktun um *áratug helgaðan útrýmingu fátækar (1997-2006)* er lögð áhersla á að fylgja eftir niðurstöðum ráðstefnunnar um fjármögnun þróunar, sem haldin var í Monterrey í Mexíkó árið 2002 og að framkvæma samþykkt þeirrar ráðstefnu (svonefndri Monterrey-samþykkt).

Ályktun um *alþjóðaviðskipti og þróun* leggur áherslu á að Dóha-samningaviðræðunum verði lokið sem fyrst. Þá voru samþykktar ályktanir um niðurstöður leiðtogafundarins í Jóhannesarborg, Almaty-aðgerðaáætlunina um landlukt þróunarríki og um vísindi og tækni í þágu þróunar.

Í ályktun um *framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun þróunarríkja á smáeyjum* var ákveðið endurskoða Barbados-áætlunina um *sjálfbæra þróun í smáeyþróunarríkjum*. Því ferli var lokið á fundi Sameinuðu þjóðanna á Míritíus í janúar 2005. Smáeyþróunarríki (SIDS) er sérstakur ríkjahópur innan Sameinuðu þjóðanna sem telur 44 ríki. Helsta sérstaða ríkjanna er að hagkerfi þeirra eru lítil, atvinnuvegir einhæfir, flutningar kostnaðarsamir vegna landfræðilegra aðstæðna og hversu berskjölduð þau eru fyrir hverskonar náttúruhamförum. Fátækt er einnig mikil og margt sem hamlar frekari þróun svo sem skortur á sjálfbærum lausnum í orkumálum, en einnig eru ónýtt tækifæri til vaxtar, til dæmis í sjávarútvegi.

### Áherslur Íslands

Þróunarsamvinna er mikilvægur þáttur utanríkisstefnu Íslands. Með aukinni þátttöku í þessum málaflokki uppfylla Íslendingar pólitískar og siðferðilegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.

Á næstu árum verður umfangsmikil hækkun á opinberum framlögum til þróunarsamvinnu. Ríkisstjórn Íslands ákvað í apríl 2004 að opinber þróunaraðstoð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) skuli hækka úr 0,19% árið 2004 í 0,35% árið 2009. Þegar því markmiði verður náð munu framlög Íslands til þróunarsamvinnu hafa hækkað úr 0,09% í 0,35% af VLF á réttum áratug sem er nærri fjórföldun. Þannig er staðfestur vilji íslenskra stjórnvalda til að leggja sitt af mörkum til að ná megi Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og að Ísland axli þá ábyrgð sem felst í Monterrey-samþykktinni.

Samfara hækkun á framlögum til þróunarsamvinnu ákvað utanríkisráðherra að unnin yrði heildræn stefnumótun í þessum málaflokki. Í framhaldi voru Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005 – 2009 lögð fram til kynningar á Alþingi vorið 2005. Í stefnumiðunum er fjallað um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnunnar og byggir hún á fjórum stöðum: 1) Mannauði, jafnrétti og efnahagslegri þróun; 2) Lýðræði, mannréttindum og stjórnarfari; 3) Friði, öryggi og þróun; og 4) Sjálfbærri þróun.



Þróunaraðstoð er veitt með tvennum hætti, annars vegar sem marghliða aðstoð sem felst í framlögum og styrkjum til alþjóðastofnana og sjóða sem að þróunarmálum starfa, en hins vegar sem aðstoð frá einu ríki til annars, eða svokölluð tvíhliða aðstoð.

Tvíhliða þróunaraðstoð Íslands sem unnin er af Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hefur nánast eingöngu verið beint til Afríkurríkja, og eru núverandi samstarfsríki ÞSSÍ í Afríku fjögur talsins: Malaví, Mósambík, Namibía og Úganda. Í ljósi aukinna framlaga til þróunarsamvinnu hefur verið ákveðið að fjölga samstarfsríkjum stofnunarinnar. Í júní 2005 var skrifað undir samning um þróunarsamvinnu við Srí Lanka og í framhaldi af því hóf ÞSSÍ formlega störf í landinu. Einnig stendur til að gera samning um þróunarsamvinnu við Níkaragva.

Fiski- og sjávarútvegsmál voru áður mikilvægustu málaflokkar ÞSSÍ, en á síðari árum hefur stuðningur við félagsleg málefni (menntun, heilbrigðismál o.s.frv.) vaxið mjög og eru þau málefni nú fyrirferðarmest í starfsemi stofnunarinnar. Skiptingin milli geira árið 2003 var eftirfarandi: menntamál 33%, sjávarútvegsmál 23%, heilbrigðismál 13% og félagsleg verkefni 12%.

Með stofnun Íslensku friðargæslunnar árið 2001 tóku íslensk stjórnvöld það mikilvæga skref að gera friðaruppbyggingu og aðstoð við fyrrum stríðshrjáð lönd að órjúfanlegum þætti í framlagi Íslands til alþjóðasamstarfs. Starfsemi friðargæslunnar er nú mikilvægur þáttur í aðstoð Íslands við þróunarríki.

Utanríkisráðuneytið fer með marghliða þróunaraðstoð Íslands sem felst í samstarfi á vettvangi fjölþjóðlegra þróunarstofnana. Ísland hefur, sökum smæðar sinnar, einskorðað þátttöku sína við tiltölulega fáar stofnanir, einkum ýmsar sérstofnanir S.þ. líkt og Þróunaráætlun S.þ. (UNDP), Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.þ. (FAO), Þróunarsjóð S.þ. fyrir konur (UNIFEM), Barnahjálp S.þ. (UNICEF), Matvælaáætlun S.þ. (WFP) og Háskóla S.þ., en tveir skólar eru starfræktir á Íslandi - Sjávarútvegsskólinn og Jarðhitaskólinn. Sumarið 2005 opnaði Ísland fastanefnd hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Róm svo efla megi samstarf og stefnumótun á þeirra vegum. Ísland hefur einnig tekið virkan þátt í fjölþjóðlegu starfi nokkurra alþjóðafjármálastofnana er láta sig þróunarmál varða og ber þar helst að nefna Alþjóðabankann.

Stærstur hluti framlaga Íslands til marghliða þróunarsamvinnu hefur gengið til Alþjóðaframtakstofnunarinnar (IDA) sem er sá hluti Alþjóðabankans er hefur með málefni fátækustu ríkja heims að gera. Innan Alþjóðabankans er Ísland hluti af kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, en saman skipa þau ríki aðalfulltrúa í stjórn bankans. Frá árinu 2003 hefur Ísland gengt formennsku innan kjördæmisins og hefur Þorsteinn Ingólfsson, sendiherra, skipað sæti aðalfulltrúa. Mun hann gegna því þýðingamikla starfi til ársins 2006. Á því tímabili ber utanríkisráðuneytið ábyrgð á að samræma stefnu kjördæmisins gagnvart málefnum er tekin eru fyrir í stjórn bankans. Þá tekur Ísland í auknum mæli þátt í ýmsu öðru samstarfi við Alþjóðabankann þ.á.m. nýju átaksverkefni sem miðar að auknum stuðningi við þróunarríki á sviði sjávarútvegs (PROFISH).

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem telst hvað mikilvægust þegar kemur að þróunarmálum. Á undanförmum árum hafa árleg framlög Íslands til UNDP verið á bilinu 18 til 23 milljónir króna. Árið 2005 ákvað utanríkisráðuneytið að fjármagna ungliðastöður („Junior Professional Officers“) innan UNDP og munu þrjú ungliðar hefja störf á vegum UNDP á haustdögum 2005. Munu allir ungliðarnir starfa í þróunarríkjum. Litið er svo á að með þátttöku Íslands í verkefninu muni byggjast upp mikilvæg þekking og reynsla af störfum Sameinuðu þjóðanna í þróunarlöndum. Þá munu störf ungra sérfræðinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verða liður í að efla tengsl Íslands og samtakanna.

Ísland hefur átt náið samstarf við Matvæla og landbúnaðarstofnunin S.þ. (FAO), en um áramótin 2003/2004 lauk þriggja ára setu Íslands í FAO ráðinu fyrir hönd Norðurlanda. Unnið er að gerð samstarfsamnings til þriggja ára við fiskideild FAO á sviði þekkingaruppbyggingar í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir nánu samráði Sjávarútvegsskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna í því samstarfi. Fyrirhuguð er gerð námsefnis fyrir þróunarríki, sem er sérstaklega sniðið að þeirra þörfum.

Stuðningur við konur er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands, og hefur hann farið vaxandi á síðustu árum. Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM) miðar að bættum kjörum kvenna í heiminum og hefur sjóðurinn verið studdur af íslenskum stjórnvöldum síðastliðin ár. Framlög Íslands til UNIFEM hækkuðu úr 2,5 m.kr. árið 2004 í 11,7 m.kr. árið 2005. Þá leggja íslensk stjórnvöld áherslu á stuðning við börn í þróunarríkjunum, þ.á.m. með verulegri hækkun framlaga til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

Framlag Íslands til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) hefur einnig farið stighækkandi á síðustu árum. Meðal verkefna sem Ísland hefur stutt á vegum WFP er verkefni í Írak, þar sem stofnunin dreifir skólamáltíðum til barna.

Árið 2004 var ákveðið að íslensk stjórnvöld myndu athuga möguleika á þróunarsamstarfi við smáeyþróunarríkin (SIDS) og vinna þannig að sameiginlegum hagsmunum er varða málefni hafsins og sjálfbæra þróun. Í þessu skyni var settur á laggirnar sérstakur sjóður er hefur það að markmiði að aðstoða smáeyþróunarríki á sviði sjálfbærrar þróunar og auka þar með samskipti íslenskra stjórnvalda við viðkomandi ríkjahóp, meðal annars á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sjóðurinn hefur t.a.m. styrkt þátttöku SIDS ríkja á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Síðast en ekki síst veittu íslensk stjórnvöld 12 milljónum króna til þriggja þróunarsjóða Sameinuðu þjóðanna er styðja þróunarríki á sviði hafréttar.

Nánari upplýsingar um þróunaraðstoð Íslands er að finna í Stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009 sem finna má á slóðinni <http://www.utn.stjr.is/utanrikismal/throunarsamvinna/>

## 5.2 Umhverfismál (Ýmsir dagskrárliðir)

Río-ráðstefnan (Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun) árið 1992 markaði tímamót í alþjóðlegri umfjöllun um umhverfis- og þróunarmál, meðal annars með samþykkt Río-yfirlýsingarinnar. Yfirlýsingin sjálf er stutt og kjarnyrt skjal sem hefur að geyma 27 meginreglur í umhverfis- og þróunarmálum. Annað lokaskjal Río-ráðstefnunnar, sem einnig hefur haft mikil áhrif á þessu sviði, er kallað dagskrá 21 (Agenda 21). Er þar um að ræða víðtæka framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem þjónar í raun hlutverki handbókar ríkja um alþjóðasamvinnu og aðgerðir til að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar.

Úr jarðvegi Río-ráðstefnunnar hafa einnig sprottið aðrir mikilvægir samningar sem hafa haft mikil áhrif á þessu sviði. Annars vegar er um að ræða loftslagssamninginn (United Nations Framework Convention on Climate Change) sem Kýótó-bókunin var gerð við, og hins vegar samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika (Convention on Biological Diversity). Báðir þessir samningar hafa átt stóran þátt í að marka stefnu í umhverfisvernd á síðastliðnum áratug og svo mun eflaust verða enn um sinn.

Leiðtogafundurinn í Jóhannesarborg var haldinn tíu árum á eftir fundinum í Río og bar hann yfirskriftina „Sjálfbær þróun“. Umræður á þeim fundi snérist fyrst og fremst

um það hvernig hægt væri að koma í framkvæmd mörgum af þeim fyrirheitum sem er að finna í dagskrá 21 og öðrum samþykktum Ríó-fundarins. Á fundinum var samþykkt stutt pólitísk yfirlýsing, sem gengið hefur undir nafninu Jóhannesarborgar-yfirlýsingin, þar sem ríki ítreka skuldbindingu sína um að hefja sjálfbæra þróun. Einnig var samþykkt ítarleg framkvæmdaráætlun sem hefur áhrif á margar af ályktunum Sameinuðu þjóðanna er snerta umhverfismálefni.

Nánari upplýsingar um dagskrá 21 má finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.samband.is/dagskra21/template1.asp?Id=361&sid=171>

Innan Sameinuðu þjóðanna hefur Efnahags- og félagsmálaráðið (ECOSOC) yfirumsjón með starfi samtakanna í umhverfismálum, en ein af virkustu og mikilvægustu undirnefndum ráðsins er nefnd um sjálfbæra þróun (CSD), en sú nefnd stýrir framkvæmdaáætlunum samtakanna á sviði sjálfbærrar þróunar. Nefndin kemur saman árlega og fjallar þá um afmörkuð viðfangsefni sem rekja má til leiðtogafundarins í Jóhannesarborg árið 2002. Hverju viðfangsefni eru gerð skil yfir tveggja ára tímabil, þar sem fyrra árið er helgað mati á þeim árangri sem náðst hefur, en seinna árið stefnumörkun til framtíðar. Orkumál og loftslagsmál eru þannig meðal helstu viðfangsefna sem tekin verða til umfjöllunar í nefndinni á árunum 2006 - 2007. Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), með aðsetur í Nairóbí, er sú stofnun samtakanna sem helgar sig umhverfismálum að staðaldri.

Á árinu 2005 tók utanríkisráðuneytið við fyrirsvári af umhverfisráðuneytinu í málefnum sem lúta að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn eyðimerkurmyndun og verður sett á laggirnar sérstök landsnefnd undir forystu utanríkisráðuneytisins um þau málefni.

### Áherslur Íslands

Stefna Íslands í umhverfismálum byggir á sjónarmiði sjálfbærrar þróunar, sem endurspeglast í dagskrá 21 og framkvæmdaráætlun leiðtogafundarins sem haldinn var í Jóhannesarborg árið 2002. Á leiðtogafundinum lagði Ísland áherslu á málefni hafsins og orkumál. Niðurstæða fundarins var sú að samkomulag náðist um viðurkenningu á vistkerfisnálguninni þar sem segir að hafið sé ekki aðeins mikilvægt fyrir vistkerfið heldur einnig fyrir velferð og hagsæld margra ríkja. Einnig var samþykkt orðalag um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi og tilmæli um að alþjóðlegar fjármálastofnanir á sviði þróunaraðstoðar veiti aðstoð við uppbyggingu sjálfbærs sjávarútvegs í þróunarlöndunum. Ennfremur var samþykkt í Jóhannesarborg að stefnt skyldi að því að byggja upp fiskistofna, þannig að nytjastofnar næðu hámarksafrakstri ekki seinna en 2015.

Umræður um orkumál voru áberandi í Jóhannesarborg og var einkum rætt um hvort setja ætti töluleg markmið varðandi aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku. Undir lok fundarins náðist sátt um að í textanum væri lögð áhersla á mikilvægi þess að auka vægi endurnýjanlegrar orku. Annað mál sem var ofarlega í umræðum um orkumál snerist um tillögu er miðaði að því að draga úr niðurgreiðslum á þeim tegundum af orku sem hafa neikvæð áhrif. Samkomulag náðist um að hvetja til þess en þó með ýmsum fyrirvörum og án þess að getið væri um tímasetningu. Ennfremur var samþykkt að hvetja til aukinnar tækniástoðar til þróunarríkja á sviði orkumála og þá ekki síst á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, þ.á m. vatnsorku.

Ísland nýtur sérstöðu sinnar á sviði orkumála þar sem endurnýjanlegir orkugjafar sjá fyrir sjötíu af hundraði orkunotkunar landsmanna og enn hefur ekki verið virkjað nema lítið brot af því vatnsafla og jarðhita sem talið er að hagkvæmt og vistvænt sé að nýta til raforkuframleiðslu. Viðleitni Íslendinga til að auka nýtingarhlutfall endurnýjanlegrar orku enn frekar í orkubúskapnum með þróun vetnis sem orkubera fyrir

ökutæki og skip hefur vakið athygli. Áfram verður unnið að því að kynna, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hugmyndir íslenskra stjórnvalda um nýtingu á vetni og hvernig vetni getur gegnt lykilhlutverki í vistvænum orkubúskap framtíðarinnar.

## 6. MÁLEFNI 3. NEFNDAR

### 6.1 Almennt um mannréttindi

Eitt af fjórum grundvallarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er að koma á alþjóðasamvinnu til að efla og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða, sbr. 3.tl. 1.gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Að frátaldri mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var af allsherjarþinginu árið 1948 mynda sex alþjóðasamningar um mannréttindi hornstein mannréttindastarfs samtakanna. Það eru mannréttindasamningarnir tveir frá árinu 1966; um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi („International Covenant on Civil and Political Rights,” CCPR) annars vegar og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi („International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights,” CESCR) hins vegar. Þessir tveir samningar ásamt tveimur viðbótarbókunum við CCPR mynda svonefndan „International Bill of Human Rights”. Aðrir helstu samningar á sviði mannréttinda eru eftirfarandi; alþjóðasamningurinn um afnám alls misréttis gegn konum („Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women,” CEDAW), alþjóðasamningurinn um útrýmingu alls kynþáttamisréttis („Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination,” CERD), alþjóðasamningurinn gegn pyntingum og annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum („Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment,” CAT) og loks alþjóðasamningurinn um réttindi barnsins („Convention on the Rights of the Child,” CRC). Ísland á aðild að öllum framangreindum samningum. Að auki eru til staðar sex viðbótarbókanir við fjóra af ofangreindum samningum og eru fimm þeirra þegar í gildi þegar þetta er skrifað

Starf Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda skiptist í aðalatriðum á milli allsherjarþingsins í New York og sérstaklega þriðju nefndar þess, mannréttindaráðsins í Genf (CHR) svo og undirnefnda og vinnuhópa mannréttindaráðsins. Þess skal getið að mannréttindaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) er einnig staðsett í Genf ásamt Mannréttindafulltrúa samtakanna (UNHCHR). Jafnframt eru skrifstofur vel flestra mannréttindasamninga staðsettar í Genf og þar fara fram í flestum tilfellum skýrsluvarnir aðildarríkja undir viðkomandi samningum svo og samningaviðræður um gerð nýrra samninga. Genf er þar af leiðandi mikilvægur hlekkur á þessu sviði hvað m.a. Sameinuðu þjóðirnar og allsherjarþingið varðar. Helsti munurinn á uppbyggingu þriðju nefndar annars vegar og mannréttindaráðsins hins vegar er sá að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að 3. nefndinni en einungis 53 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að mannréttindaráðinu hverju sinni.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að mannréttindi í sinni fjölbreyttustu mynd eru eitt af mikilvægustu viðfangsefnum Sameinuðu þjóðanna og endurspeglast sú staðreynd í störfum þriðju nefndar allsherjarþingsins sem fjallar um mannréttindi og félagsmál. Þriðja nefndin samþykkti á síðasta allsherjarþingi tæplega 80 ályktanir og var um fjórðungur þeirra samþykktur án atkvæðagreiðslu og búast má við svipuðum fjölda á 60. allsherjarþinginu. Helstu átakamál í nefndinni á síðasta allsherjarþingi voru um ályktun sem fjallar um aftökur án dóms og laga sem lögð var fram af Finnlandi og verður aftur á dagskrá 61. allsherjarþingsins, ályktanir sem snúa að réttindum kvenna og ályktunartillögur um ástand mannréttindamála í ákveðnum ríkjum.

### Áherslur Íslands

Í samræmi við greinar 55 og 56 í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þá hefur Ísland skuldbundið sig til aðgerða sem stuðla að og efla almenna viðurkenningu á mannréttindum og grundvallarfrelsi, án nokkurrar mismunar, sbr. einnig 3.tl. 1.gr. stofnsáttmálans.

Mannréttindi eru mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Oft eru mannréttindi og samningar þar um virtir að vettugi og leiðir slíkt oft til óstöðugleika og vopnaðra átaka, ýmist innanríkis eða á milli ríkja. Slíkt getur auðveldlega haft áhrif á frið og öryggi í heiminum. Til að öryggi sé til staðar, er nauðsynlegt að lýðræði sé fyrir hendi ásamt virðingu fyrir mannréttindum og alþjóðalögum þar um. Þannig er í dag oft talað um mannréttindi og öryggi í sömu andráníni. Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á að alþjóðalög m.a. um mannréttindi séu virt.

Til að efla öryggi, mannréttindi og vernda gerða mannréttindasamninga, stuðla að þróun þeirra og tryggja framkvæmd þeirra, leggja íslensk stjórnvöld áherslu á eftirfarandi; að þegnar annarra ríkja njóti einnig þeirra ákvæða sem hinir ýmsu mannréttindasamningar kveða á um og hafa verið samþykktir innan Sameinuðu þjóðanna eða á öðrum alþjóðavettvangi; að mannréttindi eru algild og á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls; að tryggja nútímalega túlkun á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem öryggi og mannréttindi eru í brennidepli; halda áfram að standa vörð um Alþjóðlega sakamáladómstólinn („International Criminal Court,” ICC); að baráttan gegn hryðjuverkum sé ekki á kostnað mannréttinda eða mannúðarlaga; að stuðla að virku eftirlitskerfi með því að mannréttindalög séu virt. Þannig munu íslensk stjórnvöld beita sér hvað mest í eftirtöldum málaflokkum í störfum þriðju nefndar. Þess ber að geta að listinn er ekki tæmandi og ekki settur upp í áhersluröð.

Í yfirstandi viðræðum um breytingar á Sameinuðu þjóðunum hefur Ísland stutt eindregið tillögu Kofi Annan um að stofna nýtt mannréttindaráð. Í slíku ráðu sulu einungis ríki sem uppfylla ákveðnar mannréttindakröfur fá sæti

#### **6.1.1 Ofbeldi gegn konum (dagskrárliðir 66 og 67)**

Holland átti frumkvæði að því að leggja fram ályktanir um svokallaða heiðursglæpi, heimilisofbeldi og um gerð skýrslu um ofbeldi gegn konum. Skýrsluna á að leggja fram á 60. allsherjarþinginu og eru vonir bundnar við að hún muni síðar auðvelda samkomulag um allsherjarályktun um ofbeldi gegn konum. Þau ríki sem vilja ganga skemmst á þessu sviði bera oft fyrir sig skorti á upplýsingum til að komast hjá efnislegri umfjöllun. Með umbeðinni skýrslu verður hægt að draga úr slíkum röksemdum sem yfirleitt eru settar fram til málamynda.

### Áherslur Íslands

Ísland hefur ávalt verið meðflytjandi að ályktunum sem stuðla að eflingu réttinda kvenna og telur þau algild eins og önnur mannréttindi. Því hafnar Ísland öllum tilvísunum til menningarlegrar sérstöðu þegar um er að ræða grundvallarréttindi kvenna

#### **6.1.2 Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi.**

Til að tryggja framkvæmd ályktunar 1325 er mikilvægt að hennar sé getið í þeim ályktunum allsherjarþingsins sem fjalla um mál sem henni tengjast.

### Áherslur Íslands

Íslensk stjórnvöld styðja að öllu jöfnu tilvísanir í ályktun 1325 í ályktunum allsherjarþingsins þar sem það á við.

#### **6.1.3 Alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gegn konum, CEDAW (dagskrárliður 66)**

Ísland lagði fram ályktun um alþjóðasamninginn um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW) fyrir hönd Norðurlandanna á 58. allsherjarþinginu. Ályktunin var samþykkt án atkvæðagreiðslu en Bandaríkin gerðu fyrirvara við grein er hvetur öll ríki til aðildar að samningnum. Ákveðið var að leggja ályktunina fram annað hvert ár og verður hún því lögð fram á 60. allsherjarþinginu. Tilgangurinn með þessari breytingu var að taka þátt í átakinu um að gera allsherjarþingið skilvirkara.

### Áherslur Íslands

Ísland leggur áherslu á framkvæmd CEDAW og hvetur þau ríki sem ekki hafa enn gerst aðilar að samningnum til að gera slíkt. Einnig hvetur Ísland þau ríki sem gert hafa fyrirvara við samninginn að endurskoða þá og þau ríki er gert hafa fyrirvara, sem ekki samrýmast tilgangi og markmiðum samningsins, að draga þá til baka.

#### **6.1.4 Réttindi barnsins (dagskrárliðir 46 og 69)**

Meginréttarheimildin á þessu sviði er alþjóðasamningurinn um réttindi barnsins og tvær viðbótarbókanir við hann. Alls hafa 192 ríki gerst aðilar að samningnum en aðeins tvö ríki Sameinuðu þjóðanna eiga eftir að fullgilda hann, Bandaríkin og Sómalía. Þrjú lönd sem ekki eru aðilar að samtökunum eru meðal ríkjanna 192.

### Áherslur Íslands

Ísland leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja framkvæmd samningsins, að ríki sem gert hafa fyrirvara við hann sem telja verður að brjóti í bága við samninginn dragi þá til baka og að skorað sé á öll ríki að gerast aðilar að honum. Sama gildir um viðbótarbókanirnar tvær. Ísland er ávallt meðflytjandi að ályktunum nefndarinnar um réttindi barnsins og réttindi stúlkubarnsins en vegna slæmrar stöðu stúlkna víða er talin ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja réttindi þeirra.

#### **6.1.5 Trúfrelsi (dagskrárliður 73b)**

Lögð er fram árlega af Evrópusambandinu ályktun um afnám alls umburðarleysis í trúmálum.

### Áherslur Íslands

Ísland er ávallt meðflytjandi að ályktun Evrópusambandsins þar sem íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að trúfrelsi sé hluti af grundvallarmannréttindum. Fyrirliggjandi eru skuldbindingar um þetta meðal aðildarríkjanna frá alþjóðaráðstefnum, eins og alþjóðaráðstefnunni um mannréttindi í Vínarborg árið 1993. Tryggja verður framkvæmd þessara skuldbindinga og að ekki verði hægt að falla frá þeim.

### 6.1.6 Kynþáttamisrétti (dagskrárliður 71)

Umræðan á þessu sviði snýst fyrst og fremst um aðgerðir í baráttunni gegn kynþáttafordómum, kynþáttamisrétti, útlendingahatri o.fl., ekki síst með eftirfylgni alþjóðasamningsins gegn kynþáttamisrétti og samþykkt alþjóðaráðstefnunnar sem haldin var í Durban 2001. Ekki var eining um niðurstöðuskjöl alþjóðaráðstefnunnar þó svo að þau hafi verið samþykkt án atkvæðagreiðslu. Umrædd ósamstaða í Durban hefur leitt til þess að innihald og framkvæmd Durban yfirlýsingarinnar og framkvæmdaáætlunarinnar eru enn vettvangur ágreinings í umræðum á meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Því hefur ekki verið hægt að ná einróma samþykki um hina árlegu ályktun þriðju nefndar, sem á niðurstöðuskjölunum er byggð.

#### Áherslur Íslands

Ísland mun halda áfram að styðja aðgerðir í baráttunni gegn kynþáttarfordómum og m.a. tryggja framkvæmd alþjóðasamningsins um kynþáttamisrétti ásamt því að styðja framkvæmd lokaskjala Durban ráðstefnunnar. Ísland hefur ávallt greitt atkvæði með ályktun þriðju nefndar um framkvæmd og eftirfylgni Durban ráðstefnunnar.

### 6.1.7 Pyntingar og önnur ómannúðleg eða vanvirðandi refsing eða meðferð (dagskrárliður 73a)

Ísland flutti ályktunartillögu á allsherjarþinginu haustið 2002 um pyntingar og aðra ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem lögð var fram fyrir hönd Norðurlandanna. Ályktunin byggir í aðalatriðum á alþjóðasamningnum um þetta efni og var hún samþykkt einróma. Ályktun þessi er að jafnaði lögð fram af Danmörku fyrir hönd Norðurlandanna en haustið 2002 fóru Danir með formennsku í ESB og gátu því ekki lagt fram ályktunina. Danmörk lagði ályktunina fram á síðasta allsherjarþingi og var hún samþykkt samhljóða.

Umræðan innan Sameinuðu þjóðanna um pyntingar byggir á alþjóðasamningnum gegn pyntingum og annari ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einnig er áhersla á mannréttindayfirlýsinguna sem hefur að geyma mjög afdráttarlaust bann við þessum brotum. Þá er einnig skírskotað í mannúðarlög og alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem kveður á um að bann við þessum mannréttindabrotum sé ófrávikjanlegt.

#### Áherslur Íslands

Íslensk stjórnvöld telja að bann við pyntingum sé ófrávikjanlegt að þjóðarrétti, óháð því hvort ríki eru aðilar að alþjóðasamningnum sem banna pyntingar eða ekki. Vernda beri hugsanleg fórnarlömb og koma í veg fyrir refsileysi þeirra sem brjóta gegn banninu með því að tryggja að rannsóknir fari fram og sekum sé refsað.

### 6.1.8 Vernd mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum (dagskrárliður 73b)

Mexíkó hefur lagt fram ályktun um vernd mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum sem lögð var fram í fyrsta skiptið árið 2002 og árlega síðan þá.

Halda verður áfram að reyna að ná samkomulagi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um skilgreiningu á hryðjuverkum. Slíkt getur hvort tveggja gert baráttuna gegn hryðjuverkum árangursríkari og komið í veg fyrir að brotið sé á mannréttindum almennra borgara í skjóli þess að verið sé að berjast gegn hryðjuverkum. (Sjá einnig kafla 9.2 hér aftar undir umfjöllun um málefni 6. nefndar).



### Áherslur Íslands

Ísland hefur stutt ályktun Mexíkó þar sem íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að baráttan gegn hryðjuverkum megi ekki eiga sér stað á kostnað mannréttinda eða mannúðarlaga.

#### **6.1.9 Mannréttindi í einstökum ríkjum/svæðum (dagskrárliður 73c)**

Lagðar eru fram ályktanir um ástand mannréttindamála í einstökum ríkjum í þriðju nefnd allsherjarþingsins.

Á síðasta allsherjarþingi fjallaði þriðja nefnd um nokkrar ályktanir um mannréttindaástand í einstökum ríkjum; í Súdan, Simbabve, Austur-Kongó (Democratic Republic of the Congo), Hvíta-Rússlandi, Íran, Mjanmar (Búrma), Túrkménistan og Bandaríkjunum. Ályktunin um Mjanmar var sú eina sem samþykkt var án atkvæðagreiðslu. Ályktanir um Austur-Kongó, Íran og Túrkménistan voru allar samþykktar í atkvæðagreiðslu. Við afgreiðslu ályktunarinnar um Hvíta-Rússland lagði Rússland til að henni yrði vísað frá, sem var samþykkt með 10 atkvæða mun. Þetta átti einnig eftir að verða niðurstaðan með ályktanir um mannréttindaástandið í Súdan og Simbabve, en Suður-Afríka lagði til að þeim yrði vísað frá.

Þessar aðgerðir um frávísun ályktana um mannréttindaástandið í Hvíta-Rússlandi, Súdan og Simbabve ollu töluverðri umræðu meðal aðildarríkja. Þar endurspegladist greinilega að það er nokkuð umdeilt meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hvort allsherjarþingið eigi að álykta um mannréttindaástandið í einstökum ríkjum. Það skorti á að eitt sé látið yfir öll ríki ganga; ákveðin ríki séu valin úr og ályktað um þau, án þess að fjallað sé um mannréttindaástandið í ríkjum sem vitað er að virða ekki mannréttindi þegna sinna. Á móti kemur að umræða um mannréttindi getur orðið mjög almenns eðlis og úr tengslum við raunveruleikann ef ekki eru rædd einstök tilvik. Yfirleitt er heilmikið á undan gengið áður en ályktað er um mannréttindi í ákveðnum löndum og búið að reyna ýmis önnur úrræði.

### Áherslur Íslands

Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að ályktanir um mannréttindaástand í einstökum ríkjum séu gagnlegt tæki til að þrýsta á ríki að standa við skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda. Þannig styður Ísland landatillögur séu þær lagðar fram með efnislegum rökstuðningi um brot á mannréttindum. Á síðasta allsherjarþingi var Ísland meðflytjandi að öllum landatillögum, nema ályktuninni um Bandaríkin sem dregin var til baka vegna skorts á stuðningi.

## 7. MÁLEFNI 4. NEFNDAR

### 7.1 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna (dagskrárliður 34)

Eðli og umfang friðargæslu er viðfangsefni 4. nefndar allsherjarþingsins, en ákvarðanir um einstök friðargæsluverkefni eru teknar í öryggisráðinu. Ákvarðanir um fjármögnun verkefna og ákvarðanir þar að lútandi eru teknar í 5. nefnd. Eðli og verksvið friðargæslu hefur hins vegar breyst á síðustu árum og verkefni ná nú ekki aðeins til hernaðarlegra þátta heldur í vaxandi mæli einnig til fyrirbyggjandi aðgerða og samfélagslegrar þróunar, svo sem uppbyggingar löggæslu og endurhæfingar fyrrum vígamanna, eða það sem nefnist „Peacebuilding.”

Sautján friðargæsluverkefni voru starfrækt á yfirstandandi ári. Þrjú þessara verkefna voru í Evrópu: UNOMIG í Georgíu, UNMIK í Kosovó og UNFICYP á Kýpur. Hvarvetna er nú lögð áhersla á að bæta gæði friðargæsluliðs, taka á vandamálum sem koma upp í samskiptum við heimamenn, byggja upp löggæslu og endurhæfa fyrrum hermenn. Strangar reglur voru settar um framferði friðargæsluliða eftir að upp komst um kynferðislega misnotkun hermanna við friðargæslu í Austur-Kongó.

#### Áherslur Íslands

Íslendingar hafa lagt fram friðargæsluliða til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosovó. Ísland hefur lagt fram fé og friðargæsluliða til sveita NATO í Afganistan, sem eru í landinu í umboði Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktunum öryggisráðsins. Einnig hafa Íslensk stjórvöld greitt sinn fulla skerf af kostnaði friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Ísland gerðist fyrir ári aðili að Sérstöku friðargæslunefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um starfsemi friðargæsluverkefna samtakanna.

### 7.2 Kýpurdeilan (dagskrárliður 21)

Tyrkneskar hersveitir réðust inn í Kýpur árið 1974 og lögðu þriðjung þess (norðurhlutann) undir sig eftir að til valda komst stjórn sem vildi sameina Kýpur Grikklandi. Sjálfstætt tyrkneskt lýðveldi í Norður-Kýpur hefur ekki hlotið viðurkenningu umheimsins. Aðeins Tyrkland hefur viðurkennt landið sem sjálfstætt ríki. Deila grísku og tyrknesku þjóðarbrotanna á Kýpur er orðin ein þrálátasta deilan sem komið hefur til kasta Sameinuðu þjóðanna.

Í apríl 2004 fór fram þjóðartkvæðagreiðsla á Kýpur um sameiningaráætlun Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkin og Evrópusambandið beittu sér mjög fyrir því að samningar tækjust. Hins vegar höfnuðu Kýpur-Grikkir áætluninni (75 af hundraði á móti) og tók hún því ekki gildi þótt Kýpur-Tyrkir hafi samþykkt hana með nær 65 af hundraði atkvæða. Kýpur-Grikkir settu helst fyrir sig að samkvæmt tillögu Sameinuðu þjóðanna áttu ekki allir Grikkir, sem reknir voru frá heimkynnum sínum eftir innrás Tyrkjahers 1974, að fá að snúa aftur. Önnur ástæða er sú að þúsundum Tyrkja frá meginlandinu, sem sest hafa að á eygni, yrði leyft að búa þar áfram. Þá eru Kýpur-Grikkir einnig mótfallnir því, að tyrkneska hernum yrði leyft að hafa herstöðvar á eygni enn um sinn. Við þetta allt bætist síðan gagnkvæm andúð og vantraust milli stríðandi aðila.

Af hálfu Sameinuðu þjóðanna hefur verið lýst yfir að óbreytt ástand í málefnum eyjarinnar sé óásættanlegt fyrir aðildarríkin og samstaða hefur verið á alþjóðavettvangi um að rétt væri að umbuna Kýpur-Tyrkjum fyrir þann friðarvilja er þeir sýndu og aflétta viðskiptahindrunum. Hins vegar hafa Kýpur-Grikkir gert hvað þeir geta til að standa í vegi fyrir slíkum tilslökunum.

Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna, UNFICYP, fylgjast með ástandinu og gætu hlutlausu svæðisins. Í sveitunum eru nú rúmlega 900 her- og lögreglumenn og er framlenging dvalar UNFICYP samþykkt hálfárslega í öryggisráðinu.

### Áherslur Íslands

Ísland hefur ítrekað lýst yfir stuðningi við tilraunir Sameinuðu þjóðanna og annarra sem reyna að setta sjónarmið í þessu langvinna deilumáli.

## **7.3 Vestur-Sahara (dagskrárliður 153)**

Hersveitir Marokkó tóku yfir landsvæði Vestur-Sahara árið 1975 eftir brotthvarf Spánverja frá fyrrum nýlendu sinni. Polisario, uppreisnar/frelsissamtök Sahrawia, en svo nefnast upphaflegir íbúar Vestur-Sahara, lýsti yfir stofnun sjálfstæðs ríkis árið 1976. Lok Kalda stríðsins ásamt batnandi samskiptum Alsír og Marokkó hefur gert Sameinuðu þjóðunum kleift að taka virkari þátt í tilraunum til að koma á friði á svæðinu. Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað í Vestur Sahara síðan 1991 er komið var á vopnahléi.

Árið 1997 var James Baker, fyrrv. utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skipaður sérstakur sendifulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Baker sagði af sér árið 2004, eftir að þriðju tilraun hans til að koma á þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði svæðisins var hafnað af stjórnvöldum í Marokkó. Í tillögunum fólst að íbúar svæðisins fái eigin stjórn og heimild til að greiða atkvæði um fullt sjálfstæði innan fimm ára. Deilt hefur verið um rétt til þátttöku í kosningunum en Marokkómenn krefjast þess að landtökumenn fái að taka þátt í þeim.

Málefni Vestur-Sahara komu til atkvæðagreiðslu í fjórðu nefnd á 59. allsherjarþingi, þar sem ekki náðist samkomulag um orðalag ályktuna. Aðeins 52 ríki greiddu tillögunni atkvæði en 89 sátu hjá, þar á meðal Ísland. Einkum var deilt um hver skyldi taka við af James Baker, sem sérlegur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Þann 26. júlí 2005 skipaði Kofi Annan hollenska stjórnarérindrekann Peter Van Walsum sérstakan sendifulltrúa sinn í Vestur-Sahara. Skpan Van Walsum, ásamt því að 18. ágúst 2005 sleppti Polisario öllum (404) marokkóskum stríðsföngum (eftir þrýsting frá Bandaríkjastjórn), hefur vakið vonir um að rofa fari til í deilunni.

Fulltrúar Polisario hafa reglulega komið til Íslands á undanförunum árum og fundað með íslenskum embættismönnum, nú síðast í desember 2004.

### Áherslur Íslands

Ísland hefur lýst yfir stuðningi við friðarumleitanir Sameinuðu þjóðanna og tekið undir ályktanir er lúta að fjármögnun friðagæslusveita í Vestur-Sahara. Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að alþjóðasamfélagið veiti þráteflinu í Vestur-Sahara meiri athygli en hingað til. Ísland hefur hvorki viðurkennt sjálfstæði Vestur-Sahara, né innlimun Marokkó á landsvæðinu.

## **7.4 Flóttamenn frá Palestínu – UNRWA (dagskrárliður 32)**

Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNRWA), var sett á laggirnar í lok árs 1949 í kjölfar skiptingar Palestínu og stofnunar Ísraelsríkis. UNRWA veitir grunnþjónustu á borð við menntun, félags- og heilbrigðisþjónustu til 4.1 milljónar palestínskra flóttamanna sem búa á Gazaströndinni, Vesturbakkanum, Jórdaníu, Líbanon og Sírylandi. Um 25.000 manns starfa hjá UNRWA og er starfsemin umfangsmesta verkefni Sameinuðu þjóðanna í Mið-Austurlöndum.

### **Áherslur Íslands**

Íslensk stjórnvöld hafa alla tíð stutt starfsemi UNRWA og á síðustu árum aukið frjáls framlög sín til verkefnisins. Framlag Íslands til UNRWA á þessu ári nam 50.000 Bandaríkjadöllum, en frá árinu 1993 hafa íslensk stjórnvöld veitt ríflega 63 m.kr. til starfsemi UNRWA. Ísland hefur verið í hópi annarra Norðurlanda, ríkja Evrópusambandsins og meirihluta vestrænna ríkja og greitt atkvæði með ályktunartillögum um aðstoð við Palestínuflóttamenn og starfsemi UNRWA. Íslensk stjórnvöld eru þó mótfallin því að ályktunartextar um málefni Palestínumanna séu misnotaðir í pólitískum tilgangi til þess að draga taum annars deiluaðila meðan vonir standa til að sættir náist og varanlegum friði verði komið á.

## **7.5 Upplýsingamiðlun Sameinuðu þjóðanna (dagskrárliður 35)**

Ísland tók árið 2005 í fyrsta sinn sæti í upplýsinganefnd Sameinuðu þjóðanna, en hún mótastefnu í upplýsingamiðlun Sameinuðu þjóðanna. Hún heyrir undir 4. nefnd. Meðal helstu viðfangsefna nefndarinnar var áframhaldandi hagræðing í rekstri upplýsingadeildar S.þ.; mótun nýrrar stefnu í rekstri bókasafna, aukin tölvuvæðing og opnari aðgangur. Sú stefna hefur verið kölluð: „From Collections to Connections” eða „Frá söfnun til sambanda” og er þar vísað í aukinn aðgang að gögnum í rafrænu formi.

Talsvert var tekist á um orðalag ályktunarinnar og ljóst að þróunarríki, sem eru í miklum meirihluta í nefndinni, líta tortryggilega á það sem vestræn ríki telja brýnar og óhjákvæmilegar endurbætur í starfi upplýsingadeildarinnar

### **Áherslur Íslands**

Ísland hefur lagt áherslu á að það sé veigamikill þáttur í lýðræðislegri uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna að almenningi um allan heim verði kynnt skipulag þeirra og starfsemi og að þess verði gætt að engin ríki verði útundan vegna skorts á tæknivæðingu.

Það er hins vegar mikilvægt að fjárveitingar til upplýsingastarfs verði nýttar til hins ítrasta og að í þeim tilgangi verði beitt hagræðingu í rekstri og nútíma upplýsingatækni virkjuð hvar sem við verður komið.

## 8. MÁLEFNI 5. NEFNDAR

### 8.1 Fjárhagsleg staða Sameinuðu þjóðanna (dagskrárliðir 123 og 127)

Aflleit lausafjárstaða hefur staðið almennum rekstri Sameinuðu þjóðanna og margra mikilvægra verkefna þeirra alvarlega fyrir þrifum um langt skeið. Því valda vanskil margra aðildarríkja á skylduframlögum. Mestu munar um vanskil Bandaríkjastjórnar, sem nema nú um milljarði Bandaríkjadala, þrátt fyrir það að önnur ríki hafi orðið við kröfu Bandaríkjanna um að framlagshlutfall þeirra yrði lækkað úr 25 í 22 af hundraði rekstrarframlaga. Flest önnur vestræn ríki greiða framlög sín á gjalddaga eða a.m.k. innan árs frá álagningu. Um 60 ríki skulda framlög meira en ár aftur í tímann og nokkur þeirra njóta ekki kosningaréttar í allsherjarþinginu vegna vanskila.

Staða málsins nú er sú að greiðslustaða hefur batnað lítilsháttar hvað varðar framlög til almenns rekstrar, en mikið vantar upp á að skylduframlög til friðargæslu hafi skilað sér og mjög alvarlega horfir með framlög til stríðsglæpadómstólanna. Vegna þessa hefur ítrekað verið frestað að endurgreiða aðildarríkjunum framlög vegna lokinna friðargæsluverkefna en það fé tekið að láni til að fjármagna önnur verkefni. Nú hefur allsherjarþingið samþykkt að þetta fé skuli endurgreitt framlagsríkjum í réttu hlutfalli, helmingur á miðju yfirstandandi ári en hinu á næsta ári. Sú ákvörðun kann að valda því að fjármagna þurfi greiðsluhalla Sameinuðu þjóðanna með lántökum frá bönkum, með þar tilheyrandi kostnaði.

#### Áherslur Íslands

Ísland hefur alltaf greitt framlög sín til almenns rekstrar Sameinuðu þjóðanna skilvíslega. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að það sé mikilvægt að öll ríki greiði framlög sín að fullu og tímanlega, eigi Sameinuðu þjóðirnar að geta rækt hlutverk sitt.

### 8.2 Fjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna tvíærið 2006 -2007 (dagskrárliður 125)

Fjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna skiptist í áætlun fyrir almennan rekstur, rekstur friðargæslusveita, rekstur stríðsglæpadómstóla og frjáls framlög til einstakra verkefna. Þessu til viðbótar hefur nú bæst nýr útgjaldaliður, *Capital Master Plan*, sem er áætlun um endurgerð höfuðstöðvanna í New York; allsherjarviðgerð skrifstofuhússins, smíði nýrra fundarsala og nýs skrifstofuhúss sunnan núverandi bygginga. Um verður að ræða verkefni til 20-30 ára.

Fjárhagsáætlun fyrir almennan rekstur Sameinuðu þjóðanna er jafnan gerð til tveggja ára í senn, en er endurskoðuð þess á milli. Kostnaðaráætlun liðins tvíæris, 2004-2005, fór í fyrsta sinn yfir þrjá milljarða Bandaríkjadala. Verulega er tekist á í 5. nefnd um útgjaldaramma samtakanna þar sem vestræn ríki eru í fararbroddi fyrir því að reynt verði að stilla útgjöldum í hóf og leitast við að ná fram sparnaði á móti nýjum útgjaldabáttum. Starfsmenn í föstum stöðugildum á aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í New York eru nú nálægt sjö þúsund og fimm hundruð talsins, en annar eins fjöldi í öðrum störfum, tímabundnum eða verkefnaráðnir.

Fjárlög næsta tvíæris, 2006-2007 verður umfangsmesta viðfangsefni 5. nefndar á 60. allsherjarþingi auk þeirra útgjaldatillagna, sem kunna að leiða af leiðtogafundi aðildarríkja í upphafi þings.

### Áherslur Íslands

Það hefur verið sjónarmið íslenskra stjórnvalda og m.a. komið fram í ræðum utanríkisráðherra og fastafulltrúa, að öll stjórnsýsla Sameinuðu þjóðanna verði gerð sem skilvirkust og nýjustu upplýsingatækni beitt sem skyldi. Ísland hefur tekið þátt í samstarfi ríkja, sem hafa beitt sér fyrir því að komið verði á árangurstengdri fjárhagsáætlunargerð og stjórnun („Results-based budgeting and administration”). Fjárhagsáætlun samtakanna er nú að mestu að færast í það horf, enda gefur það gleggri yfirsýn um rekstur og með því móti er spornað gegn sjálfvirkni í útgjöldum.

### **8.3 Framlög aðildarríkja – álagningarkvarði (dagskráliður 129)**

Það er meginregla við álagningu framlaga aðildarríkja til rekstrarkostnaðar Sameinuðu þjóðanna, sem og til friðargæslu og dómstóla, að öll ríki axli réttlátar byrðar, en hlutfallið ráðist af greiðslugetu. Þó hafa verið settar reglur um hámark og lágmark. Ekkert ríki greiðir meira en 22% heildarútgjalda og ekkert minna en 0,001%. Tíu hagstærðir eru notaðar til grundvallar útreikningi álagshlutfalls, svo sem íbúafjöldi, landsframleiðsla, hagvöxtur o.fl. Útreikningar eru gerðir annaðhvert ár og framlög ákvörðuð til tveggja ára í senn.

Ákvörðun framlagskvarða hefur jafnan valdið nokkrum deilum. Mörg ríki hafa kvartað undan því að hann endurspegli ekki nægjanlega efnahagslegt mótlæti, sem þau hafi orðið fyrir, en segja má að í hve rt sinn sem hlutfall ríkis eykst, þá sé það vegna efnahagsbata í viðkomandi landi. Japönsk stjórnvöld hafa boðað skerðingu á framlögum sínum, næðal annars vegna efnahagsástands, en margir álíta að Japanir vilji með þessu undirstrika kröfu sína um fast sæti í öryggisráðinu.

### Áherslur Íslands

Við framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir síðustu tvö ár, á 58. allsherjarþinginu, áréttaði fastafulltrúi Íslands þá stefnu íslenskra stjórnvalda að það sé grundvallaratriði að öll aðildarríki leggi sitt af mörkum – eftir getu. Ísland er í hópi þeirra þjóða sem greiða hæst framlög ríkja heims, miðað við fólksfjölda. Greiðsluhlutfall Íslands hækkaði á yfirstandandi tímabili úr 0,033 í 0,034%. Þessi staðreynd endurspeglar í raun góða stöðu íslensks efnahagslífs.

### **8.4 Framlög til friðargæslu (dagskrárliður 126)**

Aðeins tvö friðargæsluverkefni, þ.e. eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Indlandi og Pakistan (UNMOGIP) og vopnahléseftirlit Sameinuðu þjóðanna (UNTSO) eru kostuð af almennu rekstrarfé Sameinuðu þjóðanna. Þessi verkefni eru jafnframt elstu friðargæsluverkefni Sameinuðu þjóðanna.

Sérstök fjárhagsáætlun, fyrir hvert ár í senn, er gerð fyrir hvert hinna verkefnanna. Til þeirra er stofnað að frumkvæði öryggisráðsins, en allsherjarþingið samþykkir fjárveitingar til þeirra að fenginni umfjöllun og ákvörðun fimmtu nefndar. Annar álagningarkvarði gildir um framlög einstakra ríkja til friðargæslu en til almenns rekstrar, en mörgum fátækustu ríkjum er ekki gert að greiða nein framlög til friðargæslu.

Sá kostnaður við friðargæslu, sem greiddur er af fjárlögum Sameinuðu þjóðanna, hefur vaxið mjög ört síðustu ár og nemur nú um helmingi hærri upphæð en almennur rekstur samtakanna. Hann nam að jafnaði um tveimur og hálfum milljarði Bandaríkjadollara á ári síðustu þrjú árin, en nemur nú um þremur milljörðum dollara á

yfirstandandi ári. Vegna nýrra verkefna, svo sem á Haítí og í Súdan, er óttast að útgjöld til friðargæslu vaxi mjög mikið og geti jafnvel numið fjórum og hálfum milljarði dollara á ári.

Mörg ríki eiga enn vangoldin skylduframlög sín til friðargæsluverkefna og munar þar mestu um skuldir Bandaríkjastjórnar. Af þeim sökum standa Sameinuðu þjóðirnar í mikilli skuld við þau ríki, sem lagt hafa fram hermenn og hergögn. Bandaríkin hafa grynnað nokkuð á skuld sinni á síðustu árum.

### **Áherslur Íslands**

Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir málflutning Evrópusambandsins þar sem fagnað er vilja Bandaríkjastjórnar til að greiða skuldir sínar að fullu og hvetja öll ríki til þess að standa í skilum með þau framlög, sem allsherjarþingið hefur samþykkt að greiða skuli. Þótt íslensk stjórnvöld hafi ekki lagt fram friðargæslusveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland gerst aðili að Sérstöku friðargæslunefndinni, sem fjallar efnislega um málefni friðargæsluverkefna Sameinuðu þjóðanna.

## 9. MÁLEFNI 6. NEFNDAR

### 9.1 Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn (dagskrárliður 82)

Hlutverk Alþjóðlega sakamáladómstólsins er að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Rómarsamþykktin, sem stofnsetning dómstólsins byggist á, öðlaðist gildi 1. júlí 2002, tveimur mánuðum eftir að 60 ríki höfðu fullgilt hana. Nú hafa 139 ríki undirritað samþykktina og 99 ríki fullgilt hana.

Fyrsta aðildarríkjaþing Rómarsamþykktarinnar var haldið í New York árið 2002, en þriðja þingið var haldið í Haag í september 2004 þar sem dómstóllinn hefur aðsetur. Dómstóllinn hefur tekið til starfa og hefur öryggisráðið falið honum að hefja rannsókn á meintum glæpum í Austur-Kongó (e. Democratic Republic of Congo) og Úganda.

Dómstóllinn hefur sjálfvirka lögsögu í málum er undir hann heyra, þ.e. óháða sérstöku samþykki viðkomandi ríkja. Almennt er þó skilyrði að annaðhvort þegnriki sakbornings eða ríkið þar sem hið meinta brot var framið sé aðili að samþykktinni. Aðildarríki er þó heimilt að undanþiggja sig lögsögu dómstólsins að því er stríðsglæpi varðar til allt að sjö ára frá því að samþykktin öðlast gildi að því er það varðar.

Sérstakur saksóknari starfar samkvæmt samþykktinni og getur hann að eigin frumkvæði eða eftir tilvísun frá aðildarríki eða öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafist handa við að rannsaka og gefa út ákæru í málum er undir dómstóllinn heyra. Samkvæmt samþykktinni er óheimilt að hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn í máli á eins árs tímabili eftir að öryggisráðið hefur beint ósk þar að lútandi til dómstólsins í formi ályktunar samkvæmt VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins er til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að saksækja og dæma í þeim málum sem hér um ræðir. Lögsaga dómstólsins verður því aðeins virk að viðkomandi ríki hafi sökum skorts á getu eða vilja látið undir höfuð leggjast að grípa til viðeigandi ráðstafana. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn er varanlegur og hefur almenna lögsögu og er því frábrugðinn alþjóðastríðsglæpadómstólunum í málefnum fyrrum Júgóslavíu og Rúanda sem hafa takmarkaða lögsögu bæði í tíma og rúmi.

### Áherslur Íslands

Íslensk stjórnvöld telja stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins eitt mikilvægasta framlag í seinni tíð til aukins réttlætis, mannréttindaverndar og friðar í heiminum, en unnið hafði verið að stofnun slíks dómstóls allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Ísland fullgilti Rómarsamþykktina 25. maí 2000 og var tunda ríkið til þess að gera það.

### 9.2 Hryðjuverk (dagskrárliður 109)

Sameinuðu þjóðirnar gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn hryðjuverkum og hafa staðið að gerð samtals 12 alþjóðasamninga í þessu skyni. Sjötta nefnd allsherjarþingsins ályktar árlega um ráðstafanir til að uppræta alþjóðleg hryðjuverk. Þar eru ríki hvött til að halda áfram baráttunni gegn alþjóðlegum hryðjuverkum.

Nefnd sem starfar á grundvelli ályktunar allsherjarþingsins nr. 51/210 kom saman til fundar 28. mars til 1. apríl 2005 til að ræða um drög að heildarsamningi um alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og drög að samningi um að koma í veg fyrir hryðjuverk framin með



kjarnavopnum (International Convention for the Suppression of Acts of Nuclear Terrorism). Nefndin lauk viðræðum um gerð síðarnefnda samningsins og var hann samþykktur án atkvæðagreiðslu af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 13. apríl 2005. Samningurinn verður lagður fram til undirritunar í New York 14. september 2005 sama dag og leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna hefst. Gerð allsherjarsamnings um alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi (Comprehensive Convention on International Terrorism) er hins vegar ekki lokið.

### **Áherslur Íslands**

Ísland hefur stutt eindregið viðleitni Kofi Annan að skilgreina hryðjuverk á skýran hátt. Einnig ber að geta þess að Ísland hefur fullgilt alla 12 alþjóðasamningana gegn hryðjuverkum.

## 10. VIÐAUKAR

### 1. Viðauki

#### Nokkur rit um Sameinuðu þjóðirnar

- 1) Utanríkisráðuneyti Nýja Sjálands gefur árlega út ritið **UNITED NATIONS HANDBOOK 2005** (Ministry for Foreign Affairs and Trade, Private Bag 18 – 901, Wellington, New Zealand, [www.mfat.govt.nz](http://www.mfat.govt.nz)). Þetta er almennt notað uppflattirit, mjög handhægt, „Biblía” um SP.
- 2) **BASIC FACTS** ( UN News and Media Division, UN Department of Public Information, New York, N.Y. 10017, [www.un.org](http://www.un.org), 2005). Uppflattirit Sameinuðu þjóðanna, gefið út af þeim.
- 3) **THE UN SECURITY COUNCIL From the Cold War to the 21st Century.** Ritstjóri David M. Malone. (Lynne Rienner Publishers Inc., 1800 30th Street, Boulder Colorado, [www.rienner.com](http://www.rienner.com) , 2004, 746 blaðsíður), International Peace Academy í New York annaðist þetta verk og er bókin skrifuð af ýmsum fræðis- og embættismönnum. Besta úttekt á öryggisráði SP, sögu þess og þróun.
- 4) **GLOBAL AGENDA - Issues before the 60th General Assembly of the United Nations.** (UN Association of the USA, Inc. 801 Second Avenue, New York, N.Y. 10017, gefið út árlega af SP-félagi Bandaríkjanna, 2005 – 2006).
- 5) **ÍSLAND Í ELDLÍNU ALÞJÓÐAMÁLA – Stefnumótun og samvinna innan Sameinuðu þjóðanna 1946 – 1980**, eftir Valdimar Unnar Valdimarsson, meðhöfundar Gunnar Á. Gunnarsson og Guðmundur R. Árnason. (Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Rit 5, 1983, 366 bls.).
- 6) **SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR - Tálsýnir og veruleiki**, eftir Jón Orm Halldórsson. (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1995, 205 blaðsíður).
- 7) **BÓKIN UM SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR**, eftir Ívar Guðmundsson (Ísafoldarprentsmiðja 1971)
- 8) **The UNITED NATIONS: Confronting the Challenges of a Global Security**, edited by Jean E. Krasno, (Lynne Rienner Publishers Inc, 2004 – ISBN 1-58826-280-4 - 441 bls.).
- 9) **THE UNITED NATIONS AT THE END OF THE 1990s, Third Edition.** eftir Peter R. Baehr og Leon Gordenker, (St. Martin's Press, Scholarly and Reference Division, 175 Fifth Avenue, New York, N.Y. 10010, 1999, ISBN 0-312-22017-0)

### 2. Viðauki

#### Dagskrárliðir 60. allsherjarþingsins.

Drög að dagskrárliðum 60. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna má finna á vefslóðinni:  
<http://www.un.org/ga/59/list60.html>

